

Guðný Zoëga
Sólveig Olga
Sigurðardóttir

Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrókur Fornleifaskráning



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2018/200

Forsíðumynd: Ein elsta mynd sem þekkt er af Sauðárkróki frá því um 1888.



© Byggðasafn Skagfirðinga
2018/200

Innihald

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðarfræði.....	4
Ágrip af sögu Sauðár/Sauðárkróks	6
Fornleifaskrá	7
Aðrir minjaflokkar	61
Kamrar	61
Matjurtagarðar/skrúðgarðar/garðlög	61
Samantekt – varðveislumat	63
Minjar í þéttbýlinu	63
Minjar innan verndarsvæðisins	63
Minjar innan svæðis	64
Varðveislumat	65
Niðurlag	65
Heimildaskrá	67
Fylgiskjöl	69
Yfirlitskort sem sýnir allar minjar innan svæðis	70
Kort sem sýnir hús horfin fyrir 1920	71
Kort sem sýnir hús horfin eftir 1934.....	72
Hnitatafla.....	73

Inngangur

Á vordögum 2017 fór Sveitarfélagið Skagafjörður þess á leit við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga um að það tæki að sér fornleifaskráningu vegna verkefnisins Verndarsvæði í byggð (hér eftir Víb). Vegna aðalskipulags Sauðárkróks höfðu fornleifar innan bæjarmarka verið skráðar á vegum deildarinnar 2005 og var til ítarleg skýrsla þar um. Sú skýrsla tók hinsvegar yfir miklu stærra svæði en afmörkun þessa áfanga Víb nær yfir. Einungis 28 þeirra 159 minja sem finna má í skýrslunni liggja innan afmörkunar verndarsvæðisins. Við gerð fornleifaskráningarinnar 2017-18 var mið tekið af skráningunni frá 2005. Hinsvegar var einnig stuðst við þá vinnu sem farið var í vegna húsaskráningarhluta Víb verkefnisins en hún byggði á ítarlegri heimildaleit en venjan er við hefðbundna fornleifaskráningu. Við þá vinnu var farið skipulega í gegn um alla gamla þéttbýlisupprætti, fasteignamat og virðingar svo dæmi sé tekið. Einnig voru gamlar ljósmyndir af þéttbýlinu nýttar. Við þessa heimildaskönnun bættust 88 minjar á listann. Við vettvangsskráningu bættust svo fjórar minjar við og var heildarfjöldi skráðra minja innan svæðisins alls 121.

Fornleifar teljast, samkvæmt lögum, mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára eða eldri. Viðmiðunarár eftirfarandi skráningar er því árið 1918. Þetta aldursákvæði þýðir að árlega bætist við fjöldi fornleifa sem taka þarf tillit til. Til að mynda hefur mikill fjöldi skilgreindra fornleifa bæst við síðan fornleifaskráningin var unnin 2006 þar sem á milli þess árs og 1918 jukust mjög umsvif í þorpinu auk þess sem þá var farið að gera húsavirðingar og teikna upp bæjarkort sem auka við heimildagrunninn sem vinna má með. Tilkoma ljósmyndataeknninnar um og fyrir aldamótin 1900 bætir svo við mikilvægri þekkingu á ásýnd, legu og gerð elstu bygginga í þorpinu. Á þeim má einnig greina ýmis mannvirki sem ekki eru til í öðrum heimildum, má þar nefna minjar eins og matjurtagarða, bryggjur og brýr. Ekki var þó farið í mjög nákvæmar myndgreiningar þar sem slík vinna yrði fljót að vaxa út fyrir þann tíma- og fjárhagsramma sem unnið var með.

Oft getur verið erfitt að ákvarða nákvæmlega hvenær bygging eða mannvirki er reist og bygging getur verið misgömul á þeim stað sem hún stendur þar sem hún kann að hafa verið færð eða henni breytt. Notkun húsa var einnig oft margþáttað og háð breytingum. Til þess að fá sem heildstæðasta mynd af byggð og byggðapróun var miðað við að skrá hús og aðrar minjar sem fyrirfyndust á ítarlegu bæjarkorti frá 1934 eða sem væru horfnar fyrir þann tíma. Þar sem húsaskráningarhluti verkefnisins tók fyrir öll hús og húshluta sem enn standa, var miðað við að í fornleifaskránni væru þau hús/mannvirki sem nú eru horfin. Í skránni eru þó upptalin fjögur hús sem voru flutt af grunni sínum á 20. öld og standa enn annarsstaðar. Þau eru talin með sem heimild um upprunalega notkun og legu. Sömuleiðis voru fjórtán hús, sem byggð voru eftir 1918, höfð með í skránni þar sem að þau sjást á kortinu frá 1934 en eru nú horfin. Sex minjar voru skráðar frá veru hernámsliðsins á Sauðárkróki í seinni heimstyrjöldinni. Þær falla enn ekki undir friðunarákvæði laga um menningarminjar en eru hafðar með vegna mikilvægis þeirra fyrir sögu Sauðárkróks og hernámsins á Íslandi.

Minjar voru skoðaðar á vettvangi 2005 og 2018. Fyrri skráningin var unnin sem hluti af heildarskráningu vegna aðalskipulagsgerðar en skráningin 2018 tók einungis yfir það svæði sem var afmarkað sem verndarsvæði í byggð. Skráningin náði því ekki yfir allan gamla bæinn. Heildarfjöldi minja var 121 en einungis 13 minjanna eru enn sýnilegar eða 11%. Alls eru því 89% skráðra minja horfnar vegna þéttbýlispróunar.

Skráningin frá 2005 var af stærstum hluta unnin af Guðmundi St. Sigurðarsyni fornleifafræðingi. Að skráningunni komu þó einnig Bryndís Zoëga, landfræðingur, Sigríður Sigurðardóttir, þjóðfræðingur og fornleifafræðingarnir Katrín Gunnarsdóttir og Guðný Zoëga. Þar sem við á er texti úr þeirri skýrslu nýttur.

Viðbót við skrána 2017-2018 vann svo Sólveig Olga Sigurðardóttir, landslagsarkitekt og starfsmaður Víb verkefnisins. Hún vann einnig kort í skýrsluna. Guðný Zoëga sá um vettvangsvinnu, úrvinnslu og samantektina, auk varðveislumats. Starfmenn Héraðsskjalasafns Skagfirðinga komu einnig að söfnun og úrvinnslu heimilda.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða minjavörslu og áætlana um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 2012¹ og eru í 1. gr. laganna skilgreindar þannig: [...] Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu [...]” Í 3. gr. laganna er frekari skilgreining á fornleifum: Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem: búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 16. gr. laganna segir: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis, skoðað 31.07.2018: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...].

Fornleifaskráningin var unnin í tengslum við undirbúning Sveitarfélagsins Skagafjarðar vegna gerðar áætlunar um verndarsvæði í byggð. Í 4. gr. laga um verndarsvæði í byggð nr. 87 frá 2015² segir: „Sveitarstjórn skal að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislusvipmóts og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.“ Um fornleifaskráningu segir í 5. gr.: „Við mat á varðveislugildi svæða í byggð skal líta til gagna sem eru til um hið fyrirhugaða verndarsvæði, þar á meðal korta, húsakannana, fornleifaskráningar, mynda og frásagna um byggðina [...]. Frekari útlistun á aðferðarfræði og tilgangi fornleifaskráningar má finna í leiðbeiningum Minjastofnunar Íslands um vinnu við verndarsvæði í byggð sem finna má á vefsíðu Minjastofnunar³

Aðferðarfræði

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Þar sem eldri skráning hafði farið fram var hún höfð til grundvallar. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyrðu samkvæmt jarðatali frá 1847, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar. Aftast er svo hlaupandi númer. Til dæmis fær Sauðárþúð, gömul sjóbúð, raðnúmerið 1 og framan við það er sett nafn jarðar og verkefnisnúmer Sauðá-1888-1. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Verndarsvæðið liggur innan landamerksa býlisins Sauðár en bæjarstæði Sauðár er þó nokkru innan og ofan svæðisins. Til glöggvunar eru einnig höfð með gömlu númerin sem minjar höfðu í fornleifaskránni frá 2005.

Eftir föngum er reynt að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast fyrst og fremst við mögulega hættu af völdum fyrirbyggjandi framkvæmda í þéttbýlinu sem og garð- og trjáræktar. Almennt má segja að allar minjar innan þéttbýlis teljist í einhverri hættu þrátt fyrir að þær séu ekki á

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis, skoðað 31.07.2018: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2015087.html>

³ Vefsíða Minjastofnunar Íslands, skoðað 31.07.2018:

http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi_greinargerð_leidbeiningar_utgafa1_03032017.pdf

þekktu framkvæmdasvæði. Minjar sem eru sýnilegar eru því metnar í hættu, þrátt fyrir að nákvæm hættuorsök sé ekki fyrirsjáanleg. Yfirlitskort yfir minjar er að finna aftast í skýrslu.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

Þar sem nokkrar tækniframfarir hafa orðið síðan að 2005 skýrslan var gerð, auk þess sem að skrásetjarar höfðu aðgang að betri loftmyndum, voru minjar hnitsettar upp á nýtt. Sumstaðar eru hnitin tekin af gömlum kortum sem lögð eru yfir loftmyndir, og má þar reikna með einhverri skekkju. Þær fáu minjar sem enn eru sýnilegar voru mældar upp á vettvangi með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju. Í skránni er einungis að finna þær minjar sem voru innan afmörkunar Víb svæðisins.

Notaðar voru loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Einnig voru nýttar gamlar ljósmyndir í eigu og vörslu Héraðsskjalasafns Skagfirðinga og eru birtar með leyfi. Aðrar myndir eru í eigu Byggðasafns Skagafirðinga.

Hættumat er gefið í þremur flokkum: mikil hætta, hætta og engin hætta samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands (Minjastofnun Íslands, 2013). Þar sem að flestar minjanna (89%) eru horfnar er hættumatið í skýrslunni oftast engin hætta. Þær minjar sem fundust innan þéttbýlisins eru hinsvegar metnar í mikilli hættu. Ókunnar leifar kunna auðvitað að leynast í húsgrunnum eða neðanjarðar en ekki hægt að gera áhættumat vegna fornleifa sem ekki er vitneskja um.

Ágrip af sögu Sauðár/Sauðárkróks

Sögu Sauðár og Sauðárkróks hafa verið gerð góð skil í þremur bindum um Sögu Sauðárkróks eftir Kristmund Bjarnason og I bindis Byggðasögu Skagafjarðar í ritstjórn Hjalta Pálssonar. Því er hér aðeins tæpt á helstu þáttum í þróunarsögu þéttbýlis á Sauðárkróki.

Bærinn Sauðá er við Skagafjörð vestanverðan, austur undan fjallinu Molduxa undir brekkubrún miðja vegu milli sjós og fjalls. Í Byggðasögu Skagafjarðar (I, bindi, bls. 290) segir „Sauðá átti land að Sjárvarborg að austan, Áshildarholti og Kimbastöðum að sunnan, Tungu, Veðramóti og Skarði að vestan og norðan um Gönguskarðsá, sjó að norðaustan.“ Tún gamla Sauðarbæjarins er enn til staðar þótt flest mannvirki séu horfin og umlykja nú gamla bæjarstæðið, Hlíðahverfið að ofan og vestan, en Túnahverfið að neðan og austan.

Býlisins Sauðár er fyrst getið í Sturlungu í tengslum við liðsafnað fyrir Haugsnesbardaga 1246.⁴ Fyrstu heimildir um eignarhald eru frá 1391 og jörðin virðist í einkaeign í það minnsta fram til 1525, en árið 1556 er hún talin upp í eignaskrá Reynistaðarklausturs.⁵ Sauðá var forn þingstaður og var hreppurinn kenndur við jörðina. Þar var hálfkirkja til forna⁶ og samkvæmt Sjárvarborgarmáldaga skyldi syngja þar messur annan hvern helgan dag, páskadag, krossmessu og Nikulásarmessu. Sauðá var í byggð til 1958. Sauðárhús er eina hjáleigan sem heimildir geta um á Sauðá, byggt um 1679 en lagðist í eyði fáeinum árum síðar og komst aldrei í byggð aftur.⁷ Kristmundur Bjarnason telur Sauðárhús hafa verið í túni Sauðár⁸, en ekki er vitað um nákvæma staðsetningu. Aðrir mannabústaðir í landi Sauðár voru Hlíðarendi, sem er við endaða Skógarhlíð á Mounum vestur af Sauðárkróksbæ, og fornþýlin Kringla, á Hálsunum á móti Veðramóti, Hrólfsvellir og Háagerði í Hryggjadal, auk óþekktra tófta í sama dal sem virðast hafa verið býli. Þess utan voru kaupmannsbúðir og hugsanlega býli á svokölluðum Hæringsbúðum sem eru nokkru austar en Kringla og norðan við Hlíðarenda. Óljósar heimildir eru einnig um búsetu á Kvíum í Sauðárlandi, en staðsetning óþekkt svo og hvort þar hafi verið um varanlega búsetu að ræða.⁹

Frá fornu fari var heimræði frá Sauðá og lending í betra lagi í svonefndum Sauðárkróki, vík utarlega í Sauðár landi. Heimildir eru og fyrir því að bændur úr héraðinu vestanverðu áttu þar verbúðir og héldu þaðan út skipum sínum vor og haust. Árið 1871 hófst föst búseta í Sauðárkróki og markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Eftir að þéttbýli fór að myndast á Sauðárkróki skömmu fyrir aldamótin 1900 breyttust búskaparhættir á Sauðá, hefðbundinn búskapur dróst saman og ábúendur sóttu að miklu leyti vinnu í þorpið.¹⁰ Árið 1907 var Sauðárhreppi skipt í Skarðshrepp og Sauðárkrókshrepp og landamerki Sauðár urðu þá hreppamörk hins nýja Sauðárkrókshrepps. Árið 1927 keypti kaптúnið Sauðárkrókur jörðina Sauðá og nýtti mest allt land jarðarinnar til beitar og ræktunar, en þáverandi ábúandi hélt eftir flestum jarðarhúsum, hluta túnsins og takmörkuðum beitarréttindum.¹¹

⁴ Sturlungasaga, III bindi, bls. 117.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn XIII, bls. 142.

⁶ Kirkjugarður frá 11. öld fannst við vegaframkvæmdir við götuna Hásæti árið 2000. Minnisblað Sigurðar Bergsteinssonar fornleifafræðings.

⁷ Jarðabók Árna og Páls, IX. Bindi, bls. 50-51.

⁸ Saga Sauðárkróks I. Bindi, bls. 18.

⁹ Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, bls. 296.

¹⁰ Byggðasaga Skagafjarðar, I. bindi, bls. 290.

¹¹ Jarða- og búendatal Skagafjarðarsýslu, bls. 49



Mynd 1. Ein elsta mynd sem til er af Sauðárkróki tekin um eða fyrir aldamótin 1900. Ljós. HSk.

Sauðá 1888-1

Gamalt númer: 181763 48 – 81

Sérheiti: Sauðárbúð

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Stóð nærri sjó skammt fyrir utan Ytrilind.

Aðrar upplýsingar

Sauðárbúð var úr torfi með þilstafni, byggð um 1850 af Þorláki Hallgrímssyni bónda á Sauðá. Þegar Poppshús var byggt var sjóbúðin flutt sunnar á mölina og endurbyggð af Einari á Sauðá. (sbr. KB 1969: 141-142)

Sauðá 1888-2

Gamalt númer: 181763 48 - 84

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Sjóbúðin stóð lítið austar en Sæborg, Aðalgötu 8.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Sjóbúð þessi stóð upphaflega á Borgarsandi. Þar var hún lögð niður og endurbyggð á Króknum, af Jón Guðmundssyni í Brennigerði árið 1878, og þá var vel til hennar vandað, loft uppi yfir henni og þilstafn að framan. Hún stóð lítið austar en Sæborg (Aðalgata 8)

stendur nú og mun hafa brunnið laust fyrir heimsstyrjöld. Ábúendur Brennigerðis og Sjávarborgar notuðu hana í félagi.“ (KB 1969: 141)



Mynd 2. Ytrilind, og Ytrilindarræsi [1888-3]. Til vinstri er mynd sem sýnir ræsið sem liggur niður að steypa tankinum. Hægri myndin sýnir tankinn og hleðsluna undir honum.

Sauðá 1888-3

Gamalt númer: 181763 48 - 86

Sérheiti: Ytrilind/Ytrilindarræsi

Hlutverk: Vatnsból

Tegund: Brunnur

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Í brekkunni upp af suðurenda hússins sem nú er Lindargata 11.

Lýsing

Í brekkunni fyrir ofan húsið Lindargötu 11 er steypdur garður um 11 m langur og er 1 m hæð. Liggur garðurinn í suður-norður. Við suðurenda garðsins er vatnsbólíð Ytrilind, sem er nú steypdur brunnur.

Aðrar upplýsingar

Drykkjarvatn var ekki gott að fá á Sauðárkróki. Þegar Árni Árnason járnsmiður sem byggði húsið Lindargötu 7, árið 1897 settist að á Sauðárkróki. Hóf hann leit að nothæfu drykkjarvatni, það fann hann upp undir brekku við suðurenda hússins sem nú er Lindargata 11, heitir það Ytrilind. (KB 1969: 172). Ingólfur Sveinsson segir steypa tankinn hafa verið reistan til að geyma vatn til notkunar fyrir fiskverkun Frystifélags Skagfirðinga. (IJS 2018)

Sauðá 1888-4

Gamalt númer: 181763 48 - 97

Hlutverk: Dráttarspil

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Norðan við húsið Björk á Freyjugötu 1b. Horfið undir veg.

Aðrar upplýsingar

Steyptur stöpull með spili var notað til að draga upp slefbáta svokallaða sem notaðir voru til að ferja vörur í land úr skipum ekki gátu lagst að Gömlu bryggju þar sem þau ristu of djúpt. Stöpullinn var þarna þangað til að Freyjugata var lögð niður að Strandgötunni.

Sauðá 1888-5

Gamalt númer: 181763 48 -100

Sérheiti: Hestur

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson

Staðhættir

Íbúðarhús stóð skammt suð-vestur af Aðalgötu 27.

Lýsing

Hús þetta er alveg horfið en ekki er vitað hvenær.

Aðrar upplýsingar

Þarna bjuggu Jón Jónsson (1887-1961) og Anna Egilsdóttir (1882-1959).

Húsið sést fyrst á korti 1928 og er á korti 1934. Það er því byggt einhvern tíma milli 1917 og 1928 en ekki vitað hvenær það hvarf.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-6

Gamalt númer: 181763 48 - 101

Sérheiti: Kirkjugarðsstígur

Hlutverk: Stígur

Tegund: Samgöngubót

Staðhættir

Neðsti hluti Kirkjugarðsstígsins er í fremst í Kirkjuklauf að sunnan, þaðan liggur hann suður og upp brekkuna og beygir til vesturs efst á nöfnni gegnt kirkjugarðshliðinu.

Lýsing

Vegurinn er um 2,5 m breiður, og um 170 m langur. Hann er í dag með bundnu slitlagi, grjóthleðslur er brekku megin með innsettum ljósum og á miðri leið er innskot inní brekkuna með bekk.

Aðrar upplýsingar

Stígurinn var upphaflega hlaðinn 1903 og jafnan vel við haldið (sbr. KB 1971: 235)

Kort sem sýnir stíginn

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920 og Sauðárkrókur 1934



Mynd 3. Horft til suðurs upp að Kirkjugarðsstígunum sem liggur skáhallt upp brekkuna úr Kirkjuklauf upp að kirkjugarðinum.

Sauðá 1888-7

Gamalt númer: 181763 48 - 102

Hlutverk: Braggi

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson

Staðhættir

Herbraggi stóð rétt vestan við Lindargötu 3, Hótel Tindastól.

Lýsing

Þegar farið var á vettvang 2005 var bragginn nær alveg horfin, en eftir stóð smá partur af sökkli braggans sem var upphlaðinn úr grjóti og sementi. Um 1 m langur og liggur í suður-norður, og um 0,40 m á hæð. Við vettvangsskoðun 2018 fundust leifar braggans ekki lengur en þær hafa horfið við nýframkvæmdir við Hótel Tindastól.

Aðrar upplýsingar

Braggi þessi var bústaður undirmanna í hernum, en yfirmennirnir bjuggu á Hótel Tindastóli. Hægt er að lesa nánar um hernámið í Sögu Sauðárkróks (sjá KB II, 1973: 247-255).

Sauðá 1888-8

Gamalt númer: 181763 48 - 104

Sérheiti: Vetrarbraut

Hlutverk: Reiðgata

Tegund: Samgöngubót

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2001 og 2018

Staðhættir

Reiðgata lá í gegn um Sauðárkróksþorp sem nefnd var Vetrarbraut. Gatan hefur líklega legið austan við eystri húsaröð frá Kirkjutorgi og suður Skagfirðingabraut, þaðan beygt yfir Skólastíg að Freyjugötu og legið þar í gegnum húsaröðina sem er vestan Freyjugötu og út á Borgarmýri og endað þar. Þaðan var annað hvort farið að Sjávarborg í suður eða á Höfðaströnd í austur.

Lýsing

Af Vetrarbrautinni sést nú lítið, byggt hefur verið á mestum hluta leiðarinnar, þó má enn sjá merki sleðabrautarinnar sunnan við Sjávarborg milli Miklavatns og Áshildarholtsvatns, þar sem sléttaðar voru þúfur í mýrunum (Sjá mynd BS I: 328).

Aðrar upplýsingar

Árið 1916 var Vetrarbrautin lögð, sleðaleið neðan Skagfirðingabrautar, og þótti góð samgöngubót. Algengt var að um brautina færu 10-20 æki um daglega. (Sbr. KB 1971: 234)



Mynd 4. Áeltuð lega Vetrarbrautarinnar [1888-8]. Sá hluti hennar sem enn sést að hluta er utan við Víb svæðið.

Sauðá 1888-9

Gamalt númer: 181763 48 - 105

Hlutverk: Skotgröf

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, október 2001

Staðhættir

Skotgröf var rétt fyrir ofan húsið Lindargötu 15.

Lýsing

Skotgröfin lá í suður-norður í brekkunni, vegna trjágróðurs sem hefur vaxið upp og engin ummerki um gröfina voru sýnileg við vettvangsrannsókn.

Aðrar upplýsingar

Lesið má um hernámið á Sauðárkróki í Sögu Sauðárkróks (KB 1973: 247-255).



Mynd 5. Horft til suðausturs yfir svæðið þar sem fjós og hlaða Nikódemusar [1888-11] stóðu fyrrum. Myndin er tekin frá íshústóft [1888-16] sem lá ofan fjóssins. Tryggvi Berg Jónsson bendir á þar sem enn er að finna grjóthleðslu úr byggingunum. Í baksýn er bakhúsið að Lindargötu 5b en þar stóðu áður íbúðarhúsin Miðhús [1888-52] og Hreppskofinn [24].

Sauðá 1888-10

Gamalt númer: 181763 48 - 109

Sérheiti: Syðrilind/Syðrilindarræsi

Hlutverk: Stokkur

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2001/2008

Staðhættir

Ræsi sem kallað var Syðrilindarræsi lá sunnan við húsið Skógargötu 10b, og þaðan yfir Skógargötu.

Lýsing

Svæðið er grasivaxið og ekkert sést af ræsinu.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir að Syðrilind hafi verið við suðurhorn Gróðrarstöðvarinnar (sem áður hét Knudsensgarður). Lindin ku hafi verið staðsett í brekku nálægt miðjum bænum. Í fyrstu var uppsprettusvæðið opið og allskyns óhreinindi og skepnur komust í það. Lindarsvæðið var síðan girt og þakið að tilhlutan Guðmundar Hannessonar lækni (f. 1866-1946), sem var læknir í Skagafirði á árunum 1894-1896. (KB 1969: 172; 316; 308-9). Þarna gætu verið hleðslur í jörðu en ekkert sést lengur á yfirborði.

Sauðá 1888-11

Gamalt númer: 181763 48 - 117

Hlutverk: Fjós, hlaða

Tegund: Hleðsla/heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2001 og 2018

Staðhættir

Fjós og hlaða stóðu brekkunni fyrir ofan Lindargötu 5 – 7.

Lýsing

Húsið var byggt á grunni eldri byggingar, að hluta til úr torfi, en undir helmingi hússins var hlaðið og steipt haughús. Yfir fjósinu var hlaðan.

Aðrar upplýsingar

Hús þetta var byggt um 1900 og rífið árið 1998. Loftbitar sem settir voru yfir fjósið voru byrðingsplankar úr skipinu “Strönu” sem strandaði á Eyrinni 15. sept. 1927. (Sbr. KB 1998: 440 og FM 2001: 39) Nikódemus Jónsson átti fjósið síðast. Grjótröð um metra löng lá til norðurs úr norðvesturhorni tóftarinnar sem bendir til að veggur hafi legið frá norðri til suðurs. Þetta eru mjög líklega leifar byggingar sem á korti frá 1934 er áföst austanvert á suðurhlið fjóssins/hlöðunnar. Þessi bygging er ekki á korti 1928 en er á korti frá 1934. Ingólfur Sveinsson segir þessa byggingu hafa verið fjós sem Kaupfélagið átti.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-12

Gamalt númer: 181763 48 - 121

Hlutverk: Byrgi, byssustæði

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2001

Staðhættir

Vestan við Lindargötu 1, á lóð Lindargötu 3, austan við Þórshamar.

Lýsing

Ekkert sýnilegt sem minnir á byssustæðið.

Aðrar upplýsingar

Þarna var steiptur stöpull og undir loftvarnabyssu (IS, 2018). Byssan var ekki höfð þarna að staðaldri. Sauðárkrókur var hernuminn 6. júlí 1940, lesa má um hernámið á Sauðárkróki í Sögu Sauðárkróks (KB 1973: 247-255).

Sauðá 1888-13

Gamalt númer: 181763 48 - 125

Hlutverk: Byrgi, byssustæði

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Byssustæði var í brekku 14m ofan/vestan við Lindargötu 5. Stóð rétt sunnan íshústóftar [1888-16]

Lýsing

Aðrar upplýsingar

Þarna var grafið niður fimm tommu rör og fóturinn á byssunni settur í rörið. Byssan var ekki höfð að staðaldri í rörinu. Sauðárkrókur var hernuminn 6. júlí 1940, lesa má um hernámið á Sauðárkróki í Sögu Sauðárkróks (KB 1973: 247-255).



Mynd 6. Knudsensgarður [1888-14] er afgirti reiturinn vinstra megin fyrir miðri mynd. Ljós. HSk.

Sauðá 1888-14

Gamalt númer: 181763 48 - 127

Sérheiti: Knudsensgarður

Hlutverk: Matjurtagarður/ gróðrarstöð

Tegund: Heimild

Staðhættir

Knudsensgarður svokallaður var fyrir sunnan og austan Skógargötu 10b.

Lýsing

Garðurinn alveg horfinn. Á staðnum er nú gata og bílastæði.

Aðrar upplýsingar

Í lægðinni í miðri götunni var áður Knudsensgarður, mikill matjurta- og trjágarður sem frammámaður garðræktar í Skagafirði, Carl Knudsen, setti á fót um 1880. Garðurinn var afgirtur, í honum brunnur

og áburðargryfja og árið 1896 reisti hann lítið hús til ylræktunar í garðinum sem hann hitaði upp með hrossataði um vortímann. Þetta mun hafa verið fyrsta gróðurhúsið á Íslandi (MBL, 114 tbl. bls. 1). Garðurinn er frá því laust fyrir aldamótin 1800-1900. Í Sögu Sauðárkróks segir: „Að Syðrilind hafi verið við suðurhorn Gróðrarstöðvarinnar, sem síðar var kölluð svo, en hét áður Knudsensgarður.“ (KB 1971: 172) Í garðinum voru greni og lerki tré, rósarunnar ofl. Þarna var gróðurhús, sennilega eitt það allra fyrsta á Íslandi, samkvæmt Ingólfi J. Sveinssyni. Það var hitað upp með hrossataði, taðinu var komið fyrir í kössum inni húsinu og látið hitna í.

Í Sögu Sauðárkróks segir enn fremur: „Árið 1905 seldi Knudsen kaupmaður garð sinn á Sauðárkróksmöl til tilraunastöðvar. Hét garðurinn um skeið *Tilraunastöðin á Sauðárkróki* og var ein af sex slíkum stöðvum á Norðurlandi, og er hún nú hluti Gróðrastöðvarinnar. [...] Árið 1906 er stöðinni lýst svo: „Þar hefur verið útbúin vatnsleiðsla og grafin áburðargryfja. Tilraunir hafa verið gerðar með 9 afbrigði fódurrofna og 4 afbrigði gulrofna, sáð vetrarrúgi og lúpínum, trjáfræi af birki, furu og rósum. Nokkurar [svo] trjá- og runnategundir hafa verið pantaðar; ræktun ýmsra matjurta og blóma einnig stunduð.“ (ÁRN, 1906, bls. 24).

Kort sem sýna húsið

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-15

Gamalt númer: 181763 48 - 128

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2001

Staðhættir

Brú var á milli lóðanna Freyjugötu 1-3.

Aðrar upplýsingar

Brúin var úr tré og var neðst þriggja brúa sem voru á Sauðánni á sínum tíma, hún stóð þar sem nú er Freyjugata (einhversstaðar á milli lóða 1 og 3) og var helsta umferðaræð hjólbörumanna. (Sbr. SB: 156-158) Byggð fljótlega upp úr aldamótunum 1800-1900 samkvæmt Ingólfi J. Sveinssyni.

Sauðá 1888-16

Gamalt númer: 181763 48 - 130

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Tóft íshússins er í brekkunni fyrir ofan Lindargötu 7.

Lýsing

Tóftin er grasigróin, hún er 3 m á lengd, og 2,5 á breidd, hleðsluhæð um 0,5 m,

og veggjaþykkt um 1 m. Inngangur í tóftina að austanverðu. Tóftin hefur verið grafin inn í hlíðina sem myndar vesturvegg hennar. Austast hefur verið hlaðið undir hana þannig að hún stendur nokkuð hátt.

Aðrar upplýsingar

Lítill matjurtagarður er áfastur íshústóftinni norðanverðri. Óvíst er hvenær íshúsið var byggt nákvæmlega, en Ingólfur Sveinsson telur það hafa verið um eða fyrir 1920 og að það hafi verið í notkun fram til 1940. Það var síðast notað sem fjárúskofi. Húsið sést ekki á kortum frá 1920 og 1928 og kann því að vera yngra. Það sést á korti frá 1934.

Kort sem sýnir íshúsið

Sauðárkrókur 1934.



Mynd 7. Neðarlega fyrir miðri mynd má sjá tóft íshúss [1888-16]. Horft er til norðausturs. Ljóm. BSk.

Sauðá 1888-17

Gamalt númer: 181763 48 - 132

Hlutverk: Fjárhús, fjós og hlaða.

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jóns Sveinsson, október 2001

Staðhættir

Fjárhús eða fjós með hlöðu stóð þar sem nú er gata við Skógargötu 16.

Lýsing

Húsin voru grjóthlaðin, með framhlið úr tré sem snéri í austur og torfpaki. Engin ummerki eru lengur um húsið.

Aðrar upplýsingar

Húsin voru um tíma í eigu Jóns Björnssonar skólastjóra frá Veðramóti, en hugsanlega hafa fleiri átt eða nýtt húsin um tíma.

Kort sem sýna húsið

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-18

Gamalt númer: 181763 48 - 134

Sérheiti: Kristjánsfjosið

Hlutverk: Fjós, hesthús

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jóns Sveinsson, október 2001

Staðhættir

Húsin stóðu um 30 m suðvestur af pakkhúsi KG. Þau lenda á milli bygginganna við Skógargötu 2 og 6.

Lýsing

Í Virðingabók 1917 (bls. 99 C) segir: „Fjós og hesthús: Útveggir úr steinsteypu með timburstafni. Þak úr jární, torfi og timbri á langböndum. Mál fjóss og hesthúss: 7,5 x 4,30. Viðbyggð heyhlaða: Útveggir úr steinsteypu á 3 vegu, járn á einn. Þak úr jární á langböndum. Mál hlöðu: 8,60 x 7,5.“

Á staðnum er nú steipt íbúðarhús.

Aðrar upplýsingar

Fjósið var eign Kristjáns Gíslasonar kaupmanns á Sauðárkróki. (1863-1954). Húsið var steipt, með haughúsi norðan við, 12-14 básar, bárujárnshlaða sunnan við. Fjósið er ekki á korti frá 1928 en á kortinu frá 1934 og er því byggt á þeim tíma.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-19

Gamalt númer: 181763 48 - 135

Sérheiti: Bakarafjósið.

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson, október 2001

Staðhættir

Í brekkunni rétt í suður frá Aðalgötu 27.

Lýsing

Fjósið er nú alveg horfið, þarna hefur verið sléttað.

Aðrar upplýsingar

Fjósið tilheyrði gamla bakaríinu sem byggt var 1890 og stóð aðeins norðar.

Byggingin fannst ekki á neinum kortum eða í virðingum.

Sauðá 1888-20

Gamalt númer: 181763 48 - 140

Sérheiti: Vídalínspóstur

Hlutverk: Brunndæla

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jóns Sveinsson, október 2001

Staðhættir

Brunadæla var um 2-3 m frá norðvestur horni við norðurvegg hússins Aðalgötu 16, nú Kaffi-Krókur.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir: „Um aldamót fjölgar brunnum inni í bænum og þá koma brunadælur til sögunnar. Áður var notast við brunnvindur er best lét. Þóttu dælnar höfuðþing.“ (KB 1971: 217). Brunadæla var sett upp við Sýslumannshúsið skömmu eftir 1900 og síðar nefnd Vídalínspóstur. (sbr. KB 1971: 217)

Sauðá 1888-21

Gamalt númer: 181763 48 – 144

Sérheiti: Blöndalsfjósið

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jóns Sveinsson, október 2001

Staðhættir

Svokallað Blöndalsfjós stóð vestan við húsið Aðalgötu 21, Villa Nova, þar sem nú er mið Lindargata.

Lýsing

Engin lýsing er til á fjósinu og engin ummerki sýnileg á vettvangi.

Aðrar upplýsingar

Kristján Þ. Józefsson Blöndal (1864-1931) átti fjósið, hann bjó í Blöndalshúsi (áður Claessenshúsið) að Aðalgötu 18. (KB 1969: 186). Fjósið sést á korti frá 1928 en ekki á korti 1917 og er því byggt einhverntíma á því tímabili. Það sést ekki á korti frá 1934 þannig að það er horfið fyrir þann tíma.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1928.

Sauðá 1888-22

Gamalt númer: 181763 48 - 148

Sérheiti: Vertshús/ Árna verts hús/ Lindargata 7

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð eilítið ofan við húsið sem nú stendur við Lindargötu 7.

Lýsing

Í Sögu Sauðárkróks vitnar Kristmundur Bjarnason í híbýlálýsingu frá árinu 1891 þá er bærinn „5 herbergi og eldhús og loft yfir allri þeirri byggingu, smiðjuhús áfast við og kofi þar suður af.“ (engra heimilda er getið) Svo heldur Kristmundur áfram og segir: „Var þetta öllu fremur timburbær en torfbær, eins og áður er getið. Þilveggur var að austan og þilstafnar, en að vestan torfveggur; torfpak á húsinu, sem timburklætt var í hölf og gólf. Er þetta eina húsið í þorpinu, sem kallað er torfhús, en húsaskattur þó greiddur af, enda reisulegur bær.“ (KB 1969:174)

Aðrar upplýsingar

Þetta var fyrsti mannabústaðurinn sem byggður var við Sauðárkrók, byggt 1871, og markar upphaf þéttbýlismyndunar á svæðinu. Eigandi og smiður var Árni Árnason járnsmiður, kallaður Árni vert. „Þarna var fyrsta veitinga- og gistihús Sauðárkróks og jafnframt sjúkrastofa. Nú er bærinn horfinn af sjónarsviðinu. Árni reisti sér timburhús árið 1897 – ásamt Theóbalð syni sínum – eilitlu neðar á sömu lóð, og stendur það enn, merkt Lindargata 7, var áður ýmist nefnt Árna verts hús, Theóbalds- eða Tesahús.“ (KB 1969:174).

Nákvæm lega hússins er ekki þekkt en á þeim slóðum sem húsið á að hafa staðið eru sýndar byggingar á kortum frá 1915, 1917 og 1920. Er ekki á kortum eftir það.

Kort sem sýna húsið

Handelspladskort, Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920.

Sauðá 1888-23

Gamalt númer: 181763 48 - 149

Sérheiti: Skóarabær/ Freyjugata 10b

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Freyjugata 10b.

Aðrar upplýsingar

Bærinn var byggður um 1876. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Torfbær þessi stóð utan Syðrilindar, austan við Eggertshús svonefnt (sjá síðar). Skóarabæ reisti Guðmundur Bergþórsson járnsmiður, sem áður er nefndur. Er hann fór til Vesturheims, seldi hann Guðmundi Jónssyni skóara bæ sinn. Guðmundur druknaði í Sauðárkrókshöfn árið 1891, og eignaðist þá bæinn Jón bróðir hans, sem kallaður var skóarabróðir. Hann varð holdsveikur og lézt á hæli í Reykjavík. Kona hans var Sólborg Sigurðardóttir frá Kjartansstöðum. Hún seldi Guðmundi Sigvaldasyni bæinn. Bjó hann þar lengi. – Skóarabær er nú horfinn af sjónarsviðinu“ (KB 1969: 176-7)

Kort sem sýna húsið

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1928.

Sauðá 1888-24

Gamalt númer: 181763 48 - 151

Sérheiti: Kofinn/Hreppskofinn/ Lindargata 5b

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Lindargata 5b.

Lýsing

Engin lýsing er til af bænum.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Þetta var lítill torfbær ofan við Miðhús. Þar var búið til ársins 1905. Síðustu árin bjuggu þar aðeins einhleypingar. Pálmi Pétursson telur Kofann frá árinu 1890. Hann gæti þó verið eldri“ (KB 1969: 185)

Sauðá 1888-25

Gamalt númer: 181763 48 - 152

Sérheiti: Jósefsbær/ Schramsbær/ Ósland/ Ólafsbær /Freyjugata 20

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er bílastæði fyrir aftan (austan) Pósthúsið við Kirkjutorg.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1892. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Þetta var torfbær sunnan við Sauðána, skammt ofan við malarkambinn. Jósef járnsmiður Schram reisti, bjó þar og hafði þar vinnustofu sína, meðan hann átti heima á Sauðárkróki. Er Jósef fluttist brott með fjölskyldu sína (1905), keypti Ólafur Guðmundsson, Gunnarssonar hreppstjóra á Skíðastöðum, bæinn og bjó þar unz hann reisti húsið Áros 1925. Jósefsbær var raunar ekki á Sauðárkróki lagalega séð, þar eð kaupslóðin takmarkaðist af Sauðánni að sunnan. Jósef hefur því væntanlega fengið byggingarleyfi hjá Christian Hansen bónda á Sauðá.“ (KB 1969: 191)

Jósefsbær sést ekki á korti 1917 og er líklega horfinn þá.

Sauðá 1888-26

Gamalt númer: 181763 48 - 159

Sérheiti: Stefánsbær/ Skógargata18

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bærinn stóð þar sem nú er Skógargata 18.

Aðrar upplýsingar

Byggt um 1904. Í Sögu Sauðárkróks segir Kristmundur Bjarnason: „Úr torfi og timbri, reistur af Stefáni Sigurðssyni. [...] Bærinn var rifinn 1955, er steinhúsið var reist, sem þar er nú.“ (KB 1969: 202)

Sauðá 1888-27

Hlutverk: Pakkhús/hesthús/garður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 24 m norðaustan við húsið Helgafell á Aðalgötu 27.

Lýsing

Óvíst hvenær húsið var byggt og rífið en í Virðingabók 1916-1917 (bls. 87 B) er því lýst svo: „Eigandi: Hinar sameinuðu íslensku verslanir. Húsið er ein hæð með risi, skipt í tvennt og notað fyrir fisk- og saltgeymslu og vörur. Mál: 13x 3,15. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Viðbyggður skúr, notaður til vörugeymslu. Mál: 5,90 x 4,10. Útveggir úr timbri og steypu, þak úr járn á langböndum. Viðbyggður skúr, notaður til geymslu. Mál: 7,6 x 2,1. Veggir úr timbri og steypu, þak úr timbri.“

Aðrar upplýsingar


Húsið sést á þremur kortum: frá 1917, á korti með titilinn *Handelpladsen Saudarkrok* (vantar ártal) og á korti danska herforingjaráðsins frá 1920. Á *Handelsplads* kortinu er húsið um 10 m beint norður af Gránufélagshúsi (sem brann árið 1912). Á 1920 kortinu er húsið fast upp við þar sem norðurgöfl Gránufélagshúss var. Á afstöðumynd í virðingu er það sýnt um 30 m norðaustur af hlöðu sameinuðu verslananna.

Svo virðist sem ræktaður blettur sé út frá norðvesturhorni hússins á kortunum frá 1917 og 1920. Á 1920 kortinu er húsið greinilega auðkennt sem íbúðarhús og slóði sem liggur frá því norður á Eyri. Á *Handelspladsen* kortinu er húsið merkt sem pakkhús og hesthús (pakhus og stald).

Í Virðingabók fyrir árin 1916-1917 er aðeins eitt hús sem kemur til greina ef skoðuð er staðsetning þess á fyrrnefndum kortum og hún borin saman við afstöðumynd í Virðingabókinni. Hlutverk hússins er þó salthús á því korti en hlutverk húsa breyttust gjarnan á þessum árum. Stærð hússins á kortum og í lýsingu í Virðingabók er einnig mjög svipuð. Líklega er þetta því sama húsið, allavega finnast ekki heimildir um annað hús á þessum stað á þessum tíma.

Kort sem sýna húsið

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920.



Mynd 8. Úr korti danska herforingjaráðsins, 1920, byggingarnar og garðurinn eru innan rauða hringins.

Sauðá 1888-28

Sérheiti: Gránufélagshús / Jakobsenshöndlun / Stefánshús

Hlutverk: Verslun, híbýli.

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið hefur staðið um 75 m suðvestan við þar sem nú er Kjarninn, Hesteyri 2.

Lýsing

Húsið var byggt 1877 en brann 1912.

Aðrar upplýsingar

Eigandi Jakobsensverslunar, Sveinbjörn Jakobsen, lét reisa húsið til verslunar og íbúðar. Þá var það ysta hús staðarins að undanskildum Eyrarhúsum. Verslun í húsinu hófst árið 1878 og fyrir versluninni stóð Stefán Jónsson en hann hafði lokið verslunarnámi í Kaupmannahöfn. Verslunin komst í fjárþrot en Stefán keypti verslunarhúsin og leigði Gránufélagi. Húsið brann árið 1912. (KB 1969: 177)

Kort sem sýnir húsið

Handelpladsen Saudarkrok (án ártals).

Sauðá 1888-29

Sérheiti: Bakarí / Prófastshús / Hvoll

Hlutverk: Híbýli, bakarí

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð á milli, og aðeins austan við, núverandi Aðalgötu 25 og 27.

Lýsing

Húsið var byggt 1890 en flutt annað og endurbyggt 1960. Í Virðingabók 1916-1917 (bls. 48) segir: „Húsið er ein hæð með porti og risi. Niðri 2 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð með [...], 1 eldhús með eldavél, 1 búr, 1 forstofa.

Herbergi þessi öll máluð, ennfremur 1 herbergi sem brauðgjörðarofn stendur í. Á loftinu eru 5 herbergi og [...] notuð til íbúðar og geymslu, tvö af þessum herbergjum eru veggfóðruð og máluð og ofn og í þeim báðum. Hlaðinn og steinlímur kjallari undir ca. 1/3 hússins. Tveir hlaðnir reykháfar eru á húsinu og ganga rör frá öllum eldstæðum í þá. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál húss: 8,9 x 7,65.“ Við suðurenda hússins má á korti sjá skúrbyggingu, ein hæð með litlu risi, notuð fyrir brauðsölu og brauðgjörð. Sama byggingarefni og í húsi. Mál: 3,85 x 6,4. Afmarkaður garður er sýndur við húsið á korti af Sauðárkróki frá 1920.

Aðrar upplýsingar

Séra Jón Hallsson lét reisa húsið og dætur hans höfðu þar brauðgerð um langt árabil og Einar Stefánsson frá Reynistað um sinn, en hann var kvæntur Maríu systur þeirra. Síðar keypti húsið Guðrún Þorsteinsdóttir og var hún einnig með brauðgerð þar um nokkurt skeið en seldi svo Snæbirni Sigurgeirssyni bakameistara húsið og kom hann þar einnig upp matsölu- og gistihúsi sem jafnan var nefnt Gistihús SS. Snæbjörn starfaði við brauðgerð í húsinu til dauðadags. Laust eftir 1960 var húsið flutt niður á Sæmundargötu 13, þar sem það stendur enn. (KB 1969: 188)

Kort sem sýna húsið

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.



Mynd 9 Bakaríð [29] á upprunalegum stað. Ljós. HSK.

Sauðá 1888-30

Sérheiti: Sláturhús Gránufélags

Hlutverk: Sláturhús, pakkhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð í götustæðinu, beint austur af Aðalgötu 25 og náði lengra bæði til norðurs og suðurs.

Lýsing

Húsinu er lýst svo í Virðingabók 1916 (bls. 60): „Húsið er ein hæð með porti og risi og í því gólf og loft úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál húss: 10,3 x 5,1. Áfast við vesturhlið hússins, skúr byggður af timbri og með timburgólfi, þak úr timbri og járn. Mál skúrs: 10,3 x 4,55. 2 gluggar, útveggir úr timbri, þak úr timbri og járn. Norður af skúr þessum og húsinu 4 viðbyggð hús, að hálfu leyti úr timbri, að hálfu úr járn (norðurparturinn), í hálfu því húsi steinsteypugólf, hitt úr timbri. Hús þessi eru notuð fyrir sláturhús og vörugeymslu. Mál: 15,25 x 9,7.“

Aðrar upplýsingar

Húsið var seinna í eigu Hinna sameinuðu íslensku verslana.

Kort sem sýna húsið

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-31

Hlutverk: Peningshús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 2,5 m norðvestan við norðvesturhorn núverandi rafstöðvarhúss við Aðalgötu 25a.

Lýsing

Peningshúsunum er lýst svo í Virðingabók 1916 (bls. 49): „Peningshús, ein hæð með risi og loft á parti af því. Útveggir úr steinsteypu á þrjá vegu og timburþil. Þak úr timbri og pappa. Mál: 5,25 x 4,90.“

Aðrar upplýsingar

Að öllum líkindum tilheyrðu peningshúsin Bakaríinu því samkvæmt Virðingabókinni er eigandi þeirra Snæbjörn Sigurgeirsson bakari.

Kort sem sýna húsið

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-32

Sérheiti: Coghillsfélagið – vörugeymsla

Hlutverk: Vörugeymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 3 m beint austan við þar sem nú er húsið Aðalgata 25a, norðurhliðar húsanna lágu í sömu átt.

Lýsing

Húsið var byggt 1885 og er svo lýst í Virðingabók 1916 (bls. 68 C): „Húsið er tvær hæðir, niðri skipt í tvennt, timburgólf í ca. 2/3 af því, loftið óinnréttað, aflviðir hússins eru mestmegnis 8x8“ og 9x9“ tré.

Hús þetta er notað til vörugeymslu. Útveggir úr timbri og þak úr timbri og járn. Mál húss: 9 x 7,55. Áfast við vesturenda þess er skúrbygging með timburgólfi, óinnréttuð, notuð til vörugeymslu. Sama byggingarefni og að ofan. Mál: 7,55 x 7,55.“

Aðrar upplýsingar

Coghillsfélagið reisti geymsluna og þótti mikill viðburður. Coghill kom með vörur í júnímánuði árið 1885 og þá kom einnig grind í þetta hús. Í frétt um málið segir: "Með þessu skipi kom og tilbúið efni í geymsluhús 18 álna langt og 12 álna breitt. Var það ekki annað en grind úr tré, plægt gólf, og járnþynna allt ytra borð hússins, bæði þak og veggir. Á mánudagsmorguninn sá hér ekkert merki til húss nema lítilfjörlegur grundvöllur, en þá var farið að flytja efnið í land. Um miðjan dag á þriðjudag var húsið komið upp, læst og lokað og gluggar í því, og um kvöldið var það orðið fullt af vörum." Húsið komst síðar í eigu svonefnds Húsfélags en um aldamót mun aðaleigandi þess hafa verið V. Claessen og úr því er saga þess óljós. (KB 1969: 185)

Frá 1912-1916 var húsið í eigu Carls Höepfner. (Brunavirðing 1916)

Kort sem sýna húsið

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-33

Sérheiti: Poppverslun / Þverhús

Hlutverk: Verslun, vörugeymsla

Tegund: Heimild

Staðsetning: A 470122 N 584120

Horfin: Já

Hættumat: Engin hætt

Staðhættir

Húsið stóð austur af suðausturhorni Aðalgötu 25a (rafstöðvarhúss). Fyrrum stóð húsið beint sunnan við vörugeymslu Coghills og samsíða því, aðeins var um 1,5 m bil á milli húsanna.



Mynd 10 Villa Nova til vinstri, Poppverslun fjær til hægri. Ljós. HSk.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 68 B) er húsinu lýst svo: „Húsið er ein hæð með risi. Niðri er 1 sölubúð, 1



Mynd 11 Poppverslun, myndin tekin um 1905. Ljós. HSk.

skrifstofa, geymsluherbergi, allt þiljað og málað og í því 2 ofnar, 1 pakkhús. Á loftinu 1 alþiljað herbergi, veggfóðrað og málað. Þar framan af vörugeymslupláss og alþiljað pláss fyrir kornmatargeymslu, því er skipt í 3 hólfi. Þar yfir hanabjálkaloft óinnréttuð, notað til geymslu. Aflviðir í húsi þessu eru mestmegnis 8x8“ og 9x9“ tré. Kjallari hlaðinn og steinlímdur með

steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Rör frá eldstæðum ganga útum þekjuna.“

Aðrar upplýsingar

Popp reisir mikla sölubúð árið 1878 sem stóð til ársins 1949. Hún lá þvert á Aðalgötu, austan rafstöðvarinnar sem nú er. 1880 bættist við húsakostinn sem sést af því að húsaskattur hans hækkar úr 27 kr. í 33 kr. vorið 1881. Hann mun hafa reist vöruskemmur sínar á þessum árum ásamt verslunarhúsinu, en þær voru tvær ef ekki þrjár. (KB 1969: 178)

Popp verslaði á Sauðárkróki til ársins 1912 þegar hann varð gjaldþrota. Poppseignirnar á Sauðárkróki keypti verslunarfyrirtæki Carls Höepfners sem stofnað var 1864 og átti verslanir víða hérlandis. Verslunarstjóri Höepfnersverslunar á Sauðárkróki varð Tómas Gíslason en hann vann hjá Chr. Popp 1904-1906, fór utan í verslunarnám en réðst aftur til Popps 1907 og vann þar á meðan verslun hans hélst. Viðskipti Höepfnersverslunar urðu aldrei mikil. (KB 1971: 45).

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-34

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Hlaðan stóð sunnan við þar sem nú er Aðalgötu 25a, vestast. Fyrrum stóð hún uppi í brekkunni, um 15 m vestan við Poppverslun (Þverhús).

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 68 D) segir: „Húsið er ein hæð með risi, með lofti, og notað til heygeymslu. Timburveggir, þak úr timbri og pappa. Mál: 7,20 x 4,5. Eigandi C. Höepfner.“

Kort sem sýna húsin

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-35

Hlutverk: Peningshús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Stóðu neðan við þar sem nú er Lindargata 7, í götustæðinu. Húsin stóðu fyrrum uppi í brekkunni við hlið heygeymslu Höepfners og um 10 m norðvestan við húsið Villa Nova.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 68 E) segir svo: „Húsið er ein hæð með risi, skipt í 4 hólf, notað sem 2 hesthús, fjós og hæsnahús. Mál: 16,70 x 4. Veggir úr timbri og torfi, þak úr timbri og pappa. Eigandi C. Höepfner.“

Kort sem sýna húsin

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-36

Sérheiti: Poppshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð rétt út frá norðausturhorni Aðalgötu 23 (Villa Nova).

Aðrar upplýsingar

Hallur Ásgrímsson reisti þetta timburhús 1873 en seldi það ásamt verslunareigninni Ludvig Popp árið 1875.

Verslunarstjórar Popp bjuggu í húsinu þar til fjölskyldan fluttist til bæjarins og tók það til íbúðar. Húsið brann árið 1902. (KB 1969: 175)

Aðrar upplýsingar

Fyrrum stóð húsið rétt fyrir sunnan Þverhús, aðeins vestan við miðju af ljósmyndum að dæma. Staðsetning þess og stærð á korti er metin út frá ljósmyndum og því ekki nákvæm.



Mynd 12 Poppshúsið er fyrir miðri mynd, fyrir framan Poppverslun sem stendur þvert. Fremst til vinstri er Kaupangur, sem enn stendur. Myndin er tekin um 1888. Ljós. HSK.

Sauðá 1888-37

Sérheiti: Sláturhús Popp

Hlutverk: Sláturhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð utan Ytrilindarræsis, um 16 m suðaustan við húsið Villa Nova. Norðurstafn þess bar áður við suðurstafn Aðalgötu 23 og náði yfir gatnamót Aðalgötu og Strandvegar eins og þau eru í dag (2018).

Lýsing

Húsið var byggt 1911. Því er þannig lýst í Virðingu 1916-1917 (bls. 68, F): „Húsið er ein hæð með porti og risi, niðri skipt í tvennt og loftinu skipt í [...], timburgólf í því. (14 x 7,45). Veggir úr timbri og þak úr timbri og járn. Viðbyggður við suðurenda þess er skúr, honum skipt í tvennt, steinsteypugólf í sem næst helmingi, og timburgólf í hinu. (17,5 x 7,45). Veggir og þak úr járn. Báðar þessar byggingar notaðar sem sláturhús og til vöruheimslu.“

Aðrar upplýsingar

Húsið var 50 x 12 álnir (31,4 x 7,54 m) að stærð, allt járnklætt og talið mjög vandað á þeim tíma, t.a.m. góð aðstaða fyrir 12-15 fláningsmenn í „fláningsarrúminu“ (KB 1971: 158)

Kort sem húsið sést á:

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-38

Sérheiti: Ásgrimsenshús / Norska húsið / Bjálkahús / Kolahúsið

Hlutverk: Geymsla, verslun

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 17 m norðan við Aðalgötu 24. Það stóð áður utan Ytrilindar, um 3 m austan við norðurenda Sláturhúss Popps.

Lýsing

Í Virðingabók 1916-1917 (bls. 68 G) segir um bygginguna: „Húsið er ein hæð með risi, skipt í tvennt og notað fyrir geymslu. Veggir og þak úr timbri. Mál: 6,55 x 4,80.“

Aðrar upplýsingar

Sagt var að Hallur Ásgrímsson hefði flutt inn timbur í þetta bjálkahús árið 1872. Sama ár er honum útmæld verslunarlóð og húsið kemur upp árið 1873. Húsið var nefnt Norska hús sem bendir til upprunans. Bjálkahúsnafnið hlaut það síðar er það var löngu komið úr eigu Halls, en þá er höfðað til þess að það er hlaðið úr trjám. Húsið stóð fyrir utan Ytrilind. Hallur átti húsið fram á árið 1874 að minnsta kosti og hafði þar verslun sína árið 1873. Síðast var húsið notað sem kolageymsla. (KB 1969: 175)

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.



Mynd 13 Bjálkahúsið [1888-38]. Ljósm. HSk.

Sauðá 1888-39

Hlutverk: Peningshús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu um 3 m vestan við norðurgötu Goðdalahússins, þar sem nú er Lindargata 9.

Lýsing

Í Virðingu 1916-1917 (bls. 41 B) segir: „Hesthús, þar viðbyggt fjós. Hesthús: Veggir úr steini og timbri. Þak úr járn og timbri. Mál: 3,85 x 4. Fjós: Veggir úr torfi, grjóti og timbri. Þak úr árefti og torfi. Mál: 4,5 x 5,5.“

Kort sem sýna bygginguna

Húsið sést á kortunum, Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-40

Hlutverk: Geymsluskúr

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrinn stóð vestan við Aðalgötu 21b (Uppsali, Gránu), hann náði aðeins norður fyrir norðurgötu Uppsala og á milli húsanna var um metersbreitt bil.

Lýsing

Í Virðingu frá 1916-1917 (bls. 41, C) segir: „Skúr, notaður til geymslu. Veggir úr timbri, þak úr timbri og járn. Mál: 5,1 x 5,1.“

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-41

Sérheiti: Péturshöndlun / Prestshús

Hlutverk: Verslun, híbýli, vörugeymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð á sama stað og Aðalgata 21b stendur nú. Áður stóð það vestan Aðalgötu um 11 m norðan við Einarshús.

Lýsing

Byggt 1885, brann 1899.

Aðrar upplýsingar

Þetta var stórt timburhús sem stóð vestan Aðalgötu á grunni skrifstofu- og verslunarhúss KS (Gránu). Pétur Sigurðsson

á Sjóvarborg reisti húsið með styrk nokkurra ríkisbænda í Skagafirði. Pétur varð gjaldþrota 1887 og eftir það var húsið fljótlega selt. Húsið brann til kaldara kola árið 1899. (KB 1969: 184)

Aðrar upplýsingar

Af ljósmyndum að dæma virðist sem húsið hafi verið álíka stórt og Grána, sem reis á grunni þess 1904.



Mynd 14 Sauðárkrókur í kring um 1905. Steinhleðslan fyrir miðri mynd er líklega grunnur Péturshöndlunar sem brann 1902 og húsið Uppsalar voru síðan byggðir á 1904. Ljós. HSK.

Sauðá 1888-42

Hlutverk: Vörugeymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð austan Aðalgötu 21b, gegnt Péturshöndlun (og síðar Uppsölum).

Aðrar upplýsingar

Á kortinu *Handelpladsen Saudarkrok* er pakkhúsið merkt *Forbrugsforeningens uddelingssted* og það sést líka á korti 1917 en ekki eftir það enda má finna í *Gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks 1918-1947* eftirfarandi bókun: „Þriðjudaginn 31. desember 1918 kom byggingarnefnd Sauðárkróks saman vegna beiðni hr. Steindórs Jónssonar fyrir hönd Sláturfélags Skagfirðinga um leyfi fyrir að mega flytja pakkhús Kaupfélagsins (sem Sláturfélagið nú hefir keypt) þannig að byggja úr því tvær álmur frá Sláturhúsi sínu aðra að vestan, hina að austan og verði þá fært íbúðarhús það sem nú stendur á því svæði sem vestari álman verði byggð. Með flutningi þessum verður lítilsháttar meira bil milli vestari hliðar „Egilsenshúss“ og pakkhússins eins og það nú stendur...“ Í *Sögu Sauðárkróks* segir að Jón Heiðberg hafi opnað verslun í vörugeymslu gegnt verslunarhúsi Kaupfélags Skagfirðinga (Uppsölum) og verslað þar um hríð árið 1912 og þá var hún í eigu Kaupfélagsins. (KB 1971: 33)

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917.

Sauðá 1888-43

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt Handelpladskortinu stóð bygging um 13 m vestan við Schramsmiðjuna eða um 17 m vestan við norðurgötu Lindargötu 7.

Lýsing

Engin lýsing er til á húsinu og ekki er vitað um tilgang þess eða hvenær það varf.

Kort sem sýnir bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund).

Sauðá 1888-44

Hlutverk: Peningshús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð á sama eða mjög svipuðum stað og Árna verts hús eldra, eða um 2 m vestan við Lindargötu 7.

Lýsing

Í Virðingabók 1917 (bls. 88 B) segir: „Peningshús, veggir úr timbri og torfi, þak úr timbri árefti og torfi. Mál: 6,5 x 3,75.“

Aðrar upplýsingar

Á korti frá 1917 er þetta hús á sama stað og Árna verts hús (eldra). Á korti frá 1920 er húsið merkt sem „Önnur hús“, þ.e. ekki íbúðarhús og upp að húsinu að vestan var greinilega afmarkaður ræktaður blettur. Þetta hús sést hvorki á korti frá 1928 né 1934.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920.

Sauðá 1888-45

Sérheiti: Schramsmiðjan / Smiðjan / Hjaltastaður/Bessastaður

Hlutverk: Smiðja, híbýli

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson, 6.febrúar 2018.

Staðhættir

Húsið stóð nokkra metra fyrir norðan og austan Árna verts hús, um 2,5 m norðvestan við Lindargötu 7.

Lýsing

Smiðja var byggð 1880 eða fyrr. Í Virðingabók 1916-1917 (bls. 75) segir: „Húsið er ein hæð með risi. Niðri 1 íbúðarherbergi, 1 geymsluherbergi og gangur. 1 eldavél er í íbúðarherberginu og gengur rör frá henni út um þekjuna. Á loftinu 1 íbúðarherbergi og óinnréttað geymslupláss. Hús þetta er afar hrörlegt og komið að niðurfalli. Útveggir á þrjá vegu úr torfi og timbri. Þak: torf á timburárefti. Mál: 6,8 x 4,5.“

Aðrar upplýsingar

Árið 1883 kaupir Jón Jónsson í Miðhúsi kofa af Árna vert og selur í sama mánuði Friðriki járnsmið Schram, sem breytir öðrum kofanum í smiðju ásamt íbúðarherbergi með lofti yfir og kamri, sem er áfastur við húsið. Kofanum hefur verið breytt í íveruhús eigi síðar en árið 1888. Smiðjan stóð nokkra metra fyrir norðan og vestan Árna verts hús, stafnar og framhlið úr timbri en vesturveggur hlaðinn úr torfi og grjóti. Vestan við þennan kofa var lítill hesthúskofi sem áður hafði verið smiðja. Árið 1901 mun Jón Jónsson, auknefndur hjalti, hafa keypt kofann og sest þar að um svipaðar mundir. (KB 1969: 179).

Byggingin sést á kortum frá 1917. Á korti frá 1928 stendur skrifað við húsið *Hjaltastaður*. Aðrar heimildir eru ekki til um það nafn. Húsið sést ekki á korti 1934 sem passar við upplýsingar frá Ingólfi Sveinssyni en hann segir frá því að þetta hús hafi verið rífið áður en verkstæði Jóns Nikodemussonar var reist um 1930, en það stóð nokkru ofar í brekkunni. Ingólfur segir húsið einnig hafa verið kallað Bessastað en föðurforeldrar hans, Nikódemus Jónsson og Valgerður Jónsdóttir, hans bjuggu þar um tíma (IJS: 2018).

Kort sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928.

Sauðá 1888-46

Sérheiti: Einarshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið var annað hús frá Ytrilindarræsi, stóð aðeins norðan við miðju í hússtæði Aðalgötu 21a (gamla mjólkursamlagsins).

Lýsing

Byggt 1884, fært 1934 og þá nefnt Árbær. Í Virðingabók 1916-1917 (bls. 46) er húsinu lýst svo: „Húsið er ein hæð með porti og kvisti. Niðri: 3 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð. 1 ofn í suðvesturstofu. 1 eldhús með eldavél, 1 búr, 1 forstofa. Á loftinu eru 3 íbúðarherbergi og eldstæði í einu, 2 geymsluherbergi. Kjallari, hlaðinn undir ca. 1/3 hússins. Steinsteypur reykháfur og ganga rör frá eldstæðunum í hann. Útveggir úr timbri og þak úr timbri, pappa og járn. Mál 7 x 5, 75.“

Aðrar upplýsingar

Húsið var annað hús frá Ytrilindarræsi, stóð á svipuðum slóðum og gamla mjólkursamlagið reis síðar. Þorsteinn smiður Sigurðsson reisti húsið fyrir Einar á Sauðá sem flutti í bæinn árið 1882, þá í sjóbúð sína, Sauðárbúð. Skv. syni Þorsteins smiðs mun þetta hafa verið fyrsta húsið sem faðir hans reisti og um leið fyrsta íbúðarhús sem smíðað var að öllu leyti á Sauðárkróki. Viðir eldri timburhúsa munu hafa komið tilhöggirnir að mestu eða öllu leyti. (KB 1969: 188)

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.



Mynd 15. Sauðárkrókur í kring um 1905. Steinhleðslan er líklega grunnur Péturshöndlunar sem brann 1902 og Uppsalar voru síðan byggðir á 1904. Hvíta húsið fyrir miðri mynd er Einarshús. Ljós. HSk.

Sauðá 1888-47

Sérheiti: Egilsenshús / Guðmundarhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 4 m vestan við suðurstafn núverandi húss að Aðalgötu 24, á milli Sláturhúss Sláturfélagsins og Pakkhúss Kaupfélagsins.

Lýsing

Húsið var byggt 1895. Í Virðingabók 1916-1917 (bls. 77) segir svo: „Húsið er ein hæð með porti og risi. Niðri: 2 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð og ofnar í báðum, 1 eldhús með eldavél, 1 búr, 2 útúrbyggðar forstofur. Á loftinu 4 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð og í þeim 2 ofnar og geymsluherbergi og óinnréttað miðloft. Hlaðinn kjallari undir ca. ½ húsinu og hlaðinn og steinlímur reykháfur í húsinu og ganga rör frá eldstæðunum í hann. Útveggir úr timbri, þak úr timbri, pappa og járn. Mál: 7,65 x 6,40.“

Aðrar upplýsingar

Timburhús austan Aðalgötu, suður frá Ytrilindarstræti. Húsið reisti Guðmundur Einarsson verslunarmaður frá Hraunum. Af Guðmundi keypti Jón Á. Egilsen frá Blönduósi húsið. Loks eignaðist Sláturfélag Skagfirðinga húsið og síðan KS sem seldi það til niðurrifs. (KB 1969: 192)

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-48

Sérheiti: Magnússbúð / Búðin/Ártún

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Lítið timburhús austan Aðalgötu, gegnt Einarshúsi, vestan við sjóbúð Steins frá Sauðá, en sunnan Egilsenshúss gegnt miðri Aðalgötu 21a (gamla mjólkursamlaginu).

Lýsing

Húsið var byggt 1890, fært 1919 og þá nefnt Ártún. Því er lýst svo í Virðingabók 1916-1917 (bls. 76 A): „Húsið er ein hæð með risi. Niðri 2 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð og kabyssa í báðum. 1 eldhús með eldavél, 1 forstofa og 1 forstofuskúr. Á loftinu 1 íbúðarherbergi og óinnréttað geymslupláss. Í íbúðarherberginu 1 kabyssa, hlaðinn reykháfur og gengur rör frá eldavélinni í hann, en rör frá kabyssunni útum þekjuna. Útveggir úr timbri og þak úr timbri og pappa. Mál: 7,1 x 4,15.“

Aðrar upplýsingar

Húsið var reist af Magnúsi Guðmundssyni verslunarmanni og konu hans, þau hjón bjuggu þarna til 1908. Sláturfélag Skagfirðinga keypti húsið árið 1906 og eignaðist þá lóðarréttindin. Húsið var selt til brottflutnings árið 1919 og stendur nú við Suðurgötu 14. (KB 1969: 188). Húsið var fært árið 1919 þegar vestari álma Sláturhúss Sláturfélagsins var reist í hússtæðinu.

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917.

Sauðá 1888-49

Sérheiti: Sláturhús Sláturfélagsins

Hlutverk: Sláturhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð áfast húsi nr. 24, austan Aðalgötu, um 30 m vestan við gömlu bryggjuna.

Lýsing

Húsið var byggt 1919 úr pakkhúsi kaupfélagsins. Í Virðingabók 1919 (bls. 13) segir: „Viðbyggt hús að vestanverðu, ein hæð með risi, loft í því öllu, húsinu niðri skipt í þrennt með tréskilrúmum, í rúmlega 1/3 steinsteypugólf, tæplega 1/3 trégólf og eitt herbergi með malargólfi, loftið óinnréttað. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa á vesturhlið en járn á langböndum á austurhlið. Mál: 12,6

x 6,4. Við austurenda hússins viðbyggður skúr, skipt í 4 herbergi með tréskilrúmum, 2 herbergi með steinsteypugólf, eitt með timburgólf og eitt með malargólf. Útveggir úr timbri, þak úr járn á langböndum. Mál: 12,6 x 5,6. Milli útúrbygginganna, skúr, með rimlahlið að norðan og rimlagólf. Útveggir úr timburrimlum á norðurhlið, þak úr timbri og pappa. Mál: 8,9 x 3,4.“

Aðrar upplýsingar

Þetta hús, álmurnar tvær að austan og vestan, voru byggðar úr pakkhúsi Kaupfélagsins sem getið er um hér að framan, nr. 1888-42. Í *Gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks*, segir svo frá fundi 31. desember 1918: Steindór Jónssons, f.h. Sláturfélags Skagfirðinga, beiðni um leyfi til að flytja Pakkhús kaupfélagsins (sem Sláturfélagið hafði þá keypt) og byggja úr því tvær álmur út frá sláturhúsi sínu, aðra að vestan og hina að austan og verði þá fært íbúðarhús það sem nú stendur á því svæði sem vestari álman verði byggð. Með flutningi þessum verður lítilsháttar meira bil milli svokallaðs Egilsenshúss og pakkhússins eins og það nú stendur.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-50

Sérheiti: Sláturhús Kaupfélagsins, (síðar Sláturfélagsins)

Hlutverk: Sláturhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð austan Aðalgötu, um 30 m vestan við gömlu bryggjuna eða um 13 m sunnan við Aðalgötu 24.

Lýsing

Í Virðingabók 1916-1917 (bls. 50) er húsinu lýst svo: „Sláturhús, ein hæð með risi, skipt í þrennt, með steinsteypu skilrúmum. Útveggir úr steinsteypu, þak úr járn á langböndum. Mál: 20,95 x 9,15.“ Virðingabók 1919 (bls. 13) segir: „Sláturhús, ein hæð með risi, skipt í þrennt með steinsteypuskilrúmum, á austurparti hússins er risið austur og vestur en á 6,40 parti vestast er risið út og suður. Steinsteypugólf í öllu húsinu.“

Aðrar upplýsingar

Árið 1907 ræðst kaupfélagið í húsa- og lóðakaup fyrir félagið og kaupir af Chr. Popp: Egilsenshús, Magnúsarhús og Einarshús með tilheyrandi skúr, fjósi og lóðum fyrir 4.400 kr. Árið eftir koma þeir upp fyrsta sláturhúsinu í Skagafirði og brjóta með því blað í kjötsölumálum héraðsins. Að vísu var sláturhúsið ekki í beinum tengslum við kaupfélagið heldur hlutafélag kaupfélagsmanna en laut þó stjórn þess framan af. (KB 1971: 47). Árið 1918 ákvað stjórn kaupfélagsins svo að selja Sláturfélagi Skagfirðinga húseignir og lóðir sínar fyrir 12.000 kr. (KB 1971: 53-54)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-51

Hlutverk: Peningshús, hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Peningshús sem tilheyrðu Hótel Tindastóli, stóðu uppi í brekkunni um 23 m vestan við hótelið (Lindargötu 3) eða um 12 m vestan við Lindargötu 5b.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 43 B) segir: „Hesthús, fjós og heyhlaða. Steinhús á 3 vegu, timburþil. Þak úr timbri, árefti og torfi. Mál: 15,3 x 5,3.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-52

Sérheiti: Miðhús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 8 m norðvestan við Lindargötu 3 (Tindastól).

Lýsing

Húsið var byggt 1888, rífið um 1930. Í Virðingabók 1916 (bls. 44 A) segir: Húsið er ein hæð með risi. Niðri 2 íbúðarherbergi, veggföðruð og máluð og í þeim 1 eldavél, 1 eldhús með eldavél og 1 forstofa. Á loftinu 1 íbúðarherbergi og óinnréttað geymslupláss. Kjallari undir ca. ½ húsinu, hlaðinn úr grjóti og steinlímdur. Veggir hússins úr timbri og þak úr timbri, pappa og járn. Mál húss: 5,75 x 3,90. Áfast við vesturhlið hússins er skúr, skipt í 2 geymsluherbergi. Rör ganga frá eldstæðunum upp úr þekju. Veggir úr grjóti, steinlímt og þak úr timbri og járn. Mál skúrs: 6,8 x 4,2.

Aðrar upplýsingar

Húsið bar nafnið Miðhús frá upphafi og stóð það á húsinu. Þorlákur Þorláksson smiður frá Sauðá reisti úr timbri fyrir Jón Jónsson (Reykja-Jón) sem síðar fór til Ameríku. Þorlákur smiður eignaðist húsið 1890 og bjó þar lengi en Þorsteinn Sigurðsson smiður keypti af honum árið 1899. Um 1930 var húsið rífið þegar Gunnþórunn Sveinsdóttir reisti steinhús (Borgarey) aðeins neðar á lóðinni. Sveinn faðir Gunnþórunnar hafði haft verslun í norðurenda Miðhúss en verslaði síðar í kjallara hins nýja húss. (KB 1969: 187)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-53

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Staðhættir

Hjallur stóð um 4 m suðvestan við bæinn Miðhús, við suðvesturhorn á núverandi húsi á Lindargötu 5b.

Lýsing


Hjallurinn er nefndur í Virðingabók 1916 (bls. 44 B) en þar segir:

„Grindahjallur, veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 3,6 x 2,9.“

Aðrar upplýsingar

Ath. Á korti 1917, 1920 og 1928 sést þessi hjallur, og eins á afstöðumyndum með virðingu Tindastóls og Miðhúss. Á 1934 korti er komin allt önnur útlína húss, mun stærri norður af hjallinum. Þessi nýja bygging, sem væntanlega hefur verið byggð á árabílinu 1928-1934, gæti verið viðbygging við hjallinn eða þá að hann hafi verið rifinn og þessi bygging komið í staðinn.

Kort sem sýna bygginguna



Mynd 16 Afstöðumynd með brunavirðingu sem sýnir hjallinn ofan húsanna.

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-54

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir


Húsbygging [53] um 6 m norðan við vesturálmú Lindargötu 3 (Tindastóls), inni í hússtæði hússins sem nú er við Lindargötu 5b.

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu

Kort sem sýna bygginguna

Húsið sést á kortunum Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, og Sauðárkrókur 1934.



Mynd 17. Óþekkt [1888-54] hús sem sést á korti frá 1934. Húsið hefur verið reist á sama stað og Hreppskofinn [1888-24] stóð áður..

Sauðá 1888-55

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjós stóð um 4 m norðan við Kaupang (Aðalgötu 21), inni í syðsta hluta þar sem nú er Aðalgata 21a.

Lýsing

Í Virðingabók 1917 (bls. 82 B) segir: „Fjós og mykjuhús. Útveggir úr steypu og þak úr timbri og járn. Mál: 8,45 x 4,20.“

Aðrar upplýsingar

Líklega hefur fjósið verið rífið þegar Mjólkursamlag KS var reist á lóðinni, en bygging þess hófst í maí 1934.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Skisse over Sauðárkrókur 1928.

Sauðá 1888-56

Hlutverk: Fjarrétt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Réttin var áföst norðvesturenda Sláturhúss Sigurgeirs, fast upp að norðausturhorni Aðalgötu 22 (Baldurs).

Lýsing

Í Virðingabók 1927 (bls. 69 B) segir: „Áfast við norðvesturhorn nýju byggingarinnar er fjarrétt byggð úr bárujárn og timbri. Mál: 6,3 x 3,9.“

Aðrar upplýsingar

Fyrsti hluti sláturhússins var byggður árið 1912 og árið 1927 var byggð við það vinkilálma til vesturs. Þetta hús stendur enn og hýsir nú (árið 2018) Trésmiðjuna Ýr. Sigurgeir Daníelsson byggði eldri hlutann en Kaupfélag Skagfirðinga þann yngri, sem þá var orðinn eigandi sláturhússins.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-57**Hlutverk:** Fjárrétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Staðsetning réttarinnar er nú undir vesturálmú hússins við Aðalgötu 24a en var áður við suður- og vesturenda sláturhúss Sigurgeirs (þess hluta byggingarinnar með mænistefnu norður-suður).

Lýsing

Í Virðingabók 1917 (bls. 89) segir: „Útúrbyggð fjárrétt, veggir úr jární á grind og þak úr jární á langböndum. Mál: 6,2 x 3,90.“

Aðrar upplýsingar

Fyrsti hluti sláturhússins var byggður árið 1912 og árið 1927 var byggð við það vinkilálma til vesturs (yfir þessa fjárrétt). Þetta hús stendur enn og hýsir nú (árið 2018) Trésmiðjuna Ýr. Sigurgeir Daníelsson byggði eldri hlutann en Kaupfélag Skagfirðinga þann yngri, sem þá var orðinn eigandi sláturhússins.

Kort sem sýna réttina

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920.

Sauðá 1888-58**Hlutverk:** Fjárrétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Réttin var við norður- og vesturenda sláturhússins, Aðalgötu 22b (Leikborg).

Lýsing

Í Virðingarbók 1917 (bls. 100) segir: „(Húsið er ein hæð með porti og risi. Húsið er notað til slátrunar og vörugæmslu, skipt í 4 hólf með steinsteypuveggjum, loft í nærri öllu húsinu.) Útúrbyggð saltkompa og fjárrétt. Byggt úr timburgrindum. Mál fjárréttar: 6,45 x 4,90.“

Aðrar upplýsingar

Sláturhúsið var byggt árið 1911 og aðalhús þess stendur enn og hefur hýst Leikfélag Sauðárkróks síðustu áratugina og gengið undir nafninu Leikborg. Þessi viðbygging sláturhússins sem hér um ræðir var fjárrétt og tilheyrði sláturhúsinu.

Kort sem sýna réttina

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-59**Hlutverk:** Fjárrétt**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Saltkompan stóð út úr ca. miðju vestanverðu sláturhúsinu, Aðalgötu 22 (Leikborg).

Lýsing

Í Virðingabók 1917 (bls. 100) segir: „(Húsið er ein hæð með porti og risi. Húsið er notað til slátrunar og vörugæmslu, skipt í 4 hólf með steinsteypuveggjum, loft í nærri öllu húsinu.) Útúrbyggð saltkompa og fjárrétt. Útveggir úr steinsteypu og þak úr jární á langböndum. Mál saltkompu: 4,40 x 4,0.“

Aðrar upplýsingar

Sláturhúsið var byggt árið 1911 og aðalhús þess stendur enn og hefur hýst Leikfélag Sauðárkróks síðustu áratugina og gengið undir nafninu Leikborg. Þessi viðbygging sláturhússins sem hér um ræðir var saltkompa og tilheyrði sláturhúsinu.

Heimildaskrá

Virðingabók Brunabótafélags Íslands fyrir Sauðárkrók 1916-1917.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-60

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 5 m austan við norðurgötu Sláturhús KG, þar sem nú er Aðalgata 22b (Leikborg).

Lýsing

Engin lýsing er til af byggingunni.

Kort sem sýna bygginguna

Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-61

Sérheiti: Bræðrabúð

Hlutverk: Híbýli, verslun

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð í götulínu u.þ.b. miðja vegu milli Aðalgötu 22 (Baldurs) og Aðalgötu 20 (Staðastaðar).

Lýsing

Húsið var byggt 1886 en brann árið 1940. Í Virðingarbók 1917 (bls. 84) segir: „Húsið er ein hæð með porti og risi. Niðri 1 sölubúð. Á loftinu vörugeymsla skipt í tvö herbergi. Mál húss: 6,4 x 5,45. Viðbyggður skúr, honum skipt í tvennt og notaður til vörugeymslu. Ekkert eldstæði er í húsinu. Veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál skúrs: 4,2 x 5,45.“

Aðrar upplýsingar

Timburhús sem stóð suður af barnaskólanum gamla (Baldri). Ólafur Briem snikkari reisti það og bjó þar mörg ár einn síns liðs. Löngu síðar keypti Kristján borgari húsið og hafði þar kramvöruverslun sem mun hafa verið kennd við syni hans og því kallast Bræðrabúð. Óvíst er um upprunalegt heiti þessa húss. Húsið brann árið 1940 en var þá notað sem birgðageymsla breska setuliðsins á Sauðárkróki. (KB 1969: 186-187)

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-62

Hlutverk: Verkstæði



Mynd 18. Mynd sem sýnir Bræðrabúð [1888-61]. Ljós. HSk.

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson 2018

Staðhættir

Hús stóð um 17 m ofan og norðvestan við húsið Fyrstaból á Lindargötu 7.

Aðrar upplýsingar

Þarna var vélaverkstæði Jóns Níðodermussonar. Ingólfur Sveinsson segir verkstæðið fyrst hafa verið reist um 1930 en verið stækkað nokkuð um 1950. Verkstæðið er nú varðveitt í upprunalegri mynd hjá Bygðasafni Skagfirðinga.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-63

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Byggingin stóð um 11 m norðan við peningshús KG, undir í núverandi húsi við Skógargötu 2.

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-64

Hlutverk: Vörugeymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Pakkhúsið stóð um 3 m vestan (ofan) við íbúðar- og verslunarhús KG (Kristjáns borgara hús). Það stóð fast upp við austurhlið hússins við Skógargötu 1.

Lýsing

Í Virðingarbók 1917 (bls. 99 B) segir: „Vörugeymsluhús óinnréttað, með steinsteypugólfi. Járn á húsgrindinni, þak með járn á langböndum. Mál: 8,75 x 6,30.“

Aðrar upplýsingar

Þegar afstöðumynd með brunavirðingu 1917 er borin saman við kort eftir 1920 er líklegt að byggt hafi verið við húsið til austurs, þ.e. nær íbúðar- og verslunarhúsi KG. Á afstöðumyndinni kemur fram að 7,2 m séu á milli þessara húsa en á seinni kortum er komin þessi viðbygging og þá eru tæpir 3 m á milli húsanna.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-65

Sérheiti: Kristjáns borgara hús / Gilsstofa

Hlutverk: Híbýli, verslun.

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð vestan Aðalgötu, neðst í Kristjánsklaufinni, gegnt Bræðrabúð. Það stóð talsvert vestar í götulínunni en húsin norðan og sunnan við. Það stóð um 1,5 m vestan við þar sem nú er Kaupvangstorg 1.

Lýsing

Húsið var byggt 1892 og rífið 1985. Í Virðingarbók 1917 (bls. 99 A) segir: „Húsið er ein hæð með porti, risi og kvisti að austan en vesturpartur tvær hæðir. Niðri ein sölubúð, 2 skrifstofur og önnur með ofni. 1 vörugæmsluherbergi, 1 eldhús með eldavél, 1 búr, 2 íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð, með ofni. Gangur með þverskilrúmi, 1 forstofa og útúrbyggður forstofuskúr. Öll þessi herbergi þiljuð og máluð að undanskildu vörugæmsluherberginu. Á loftinu: 7 íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð, í þeim 2 ofnar, 2 vörugæmsluherbergi. Kjallari undir ca. ½ húsinu, skipt í 5 gæmsluherbergi og í einu þeirra þvottapottur. Kjallarinn hlaðinn og steinlímdur með steinsteypu gólfi. Tveir reykháfar, annar hlaðinn en hinn steinsteypur og ganga rör frá eldstæðum í þá. Veggir úr timbri og járn, þak úr timbri, pappa og járn. Mál: 15 x 10,2.“

Aðrar upplýsingar

Húsið reisti Kristján Gíslason kaupmaður og þar bjó hann og hafði verslun sína meðan hann bjó í bænum. Upphaflega var húsið mun minna því oft var byggt við það. Stofninn að húsinu er talinn svonefnd Gílsstofa, sem átti sér mikla sögu og merkilega. Eggert Briem sýslumaður hafði látið byggja sér stofu á Espihóli í Eyjafirði þegar hann var sýslumaður þar. Þessa stofu flutti hann að Hjaltastöðum þegar hann varð sýslumaður Skagfirðinga 1861. Þegar hann fluttist að Reynistað 1872 lætur hann einnig flytja stofuna þangað. Í henni voru sýslufundir haldnir um nokkurra ára bil og þar fóru fram fyrstu leiksýningarnar í Skagafirði. Síðar lendir þessi stofa á Gili í Borgarsveit er Jóhannes Ólafsson varð sýslumaður og 1890 er hún flutt út á Sauðárkrók og verður eins og áður segir vísir að húsi Kristjáns. (KB 1969: 190-191). Ekki var flutningum Gílsstofu þó alveg lokið því árið 1985 er hún flutt að Kringlumýri í Blönduhlíð og að lokum var hún endursmíðuð í Glaumbæ 1996-1997 þar sem hún stendur enn.¹²

Heimildaskrá

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-66

Hlutverk:

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Brautarteinar lágu eftir Gömlu bryggju og að nokkrum pakk- og frystihúsum í bænum.

Lýsing

Heimildamaður segir að brautarteinar hafi legið frá bryggjunni að pakkhúsum á nokkrum stöðum og hafi með þeim verið fluttar vörur og fiskur sem skipað var upp á bryggjunni.



Mynd 19. Myndin sýnir fiskvinnslu við brautarteinana á Gömlu bryggju. Á myndinni sést hvernig teinarnir greinast til nokkurra átta. Samkvæmt heimildamanni var hægt að snúa vagninum þar sem teinarnir komu saman. Ljós. HSk.

Sauðá 1888-67

¹² <http://www.glaumbaer.is/is/safnid-1/safnhusin/gilsstofan> , vefsíða heimsótt 14.febrúar 2018.

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Byggingin stendur í lóðarhorni, líklega lóðar KG, um 12 m fyrir vestan Aðalgötu 17 (Svangrund).

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Aðrar upplýsingar

Sést fyrst á korti 1928 og svo aftur á korti JV um 1934.

Kort sem sýna bygginguna

Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-68

Hlutverk: Fjós og skúr

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Jón Sveinsson, 6.febrúar 2018.

Staðhættir

Húsið stóð suðaustan við Aðalgötu 20 (Briemshús).

Lýsing

Óvíst hvenær það var byggt en hluti hússins stendur enn í dag.

Í Virðingabók 1916 (bls. 66 B) segir: „Fjós, hesthús og pakkhús, skipt í þrennt. Útveggir úr steini og steypu, þak úr timbur árefti og járn. Mál: 9,45 x 7,35.“ Í sömu virðingu (bls. 66 C) segir: Skúr, skipt í tvennt, notaður fyrir vöru- og heygeymslu.

Aðrar upplýsingar

Húsið, eða húsin, tilheyrðu Kristni Briem. Á afstöðumynd með virðingu 1916 og korti frá 1917 eru húsin tvö með um 4 m bili á milli. Á korti 1920 er búið að byggja við og húsin orðin föst saman á einu horninu enda kemur fram í *Gjörðabók byggingarnefndar* í maí 1920 að Kristinn Briem sækir um áframhaldsbyggingu austur af fjósi og hesthúsi sínu, þar átti að vera safnhús og skúr. Á korti 1934 er svo búið að stækka húsið enn meira til austurs og að öllum líkindum er það endanleg stærð á þessu húsi. Ingólfur Jón Sveinsson segir að Kristinn hafi sett upp frystigeymslu í þessu húsi þar sem hann geymdi fóður fyrir refa- og minkabú sitt. Hann segir vesturpartinn hafa verið fjós og pakkhús en austurparturinn var að hálfu hlaða fyrir fjósið og norðurhelmingur hans beituskúr Sölvabræðra. Hann segir húsið eins og það er í dag með upprunalegum útveggjum að einhverju leyti, enda útlínur þess 1934 og nú nánast eins, það var þó framan af ein hæð, hin kom löngu seinna.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-69

Sérheiti: Blöndalshús / Claessenshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð á milli Briemshúss og Laufáss, á lóð nr. 18 við Aðalgötu.

Lýsing

Húsið var byggt 1886 og fært 1992. Í Virðingabók 1917 (bls. 98 A) segir: „Húsið er ein hæð með porti, risi og kvisti í gegnum það. Niðri þrjú íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð, í þeim tveir ofnar, eitt eldhús með eldavél og 1 forstofa. Á loftinu 4 íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð, tvö geymsluherbergi og miðloft. Kjallari hlaðinn og steinlímur með steinsteypugólfi undir rúmlega ½ húsinu. Mál húss: 7,53 x 5,65. Austur af húsinu er viðbyggður skúr og í honum eitt íbúðarherbergi og póstafréttsluberbergi. Bæði veggfóðruð og máluð, ofnar í báðum. Mál skúrs: 8,16 x 5,65. Norðan við húsið viðbyggður skúr, þiljaður, óinnréttaður, í honum þvottapottar. Mál skúra: 5,51 x 3,53. Rör frá öllum eldstæðum ganga útum þekjuna. Salerni er við húsið.



Mynd 20 Blöndalshúsið, myndin er tekin aldamótaárið.

Aðrir upplýsingar

Þorsteinn Sigurðsson timburmeistari smíðaði húsið en seldi það V. Claessen árið 1888. Claessen bætti síðan stórum íbúðarskúr við húsið. Síðar bjó í húsinu Kristján Jósefsson Blöndal, verslunarmaður við Claessensverslun og póstafréttslumaður, síðar bóksali. (KB 1969: 186). Húsið var flutt yfir í Hegrans árið 1992 og stóð til að gera það upp. Af þeim áformum varð ekki og hefur húsið staðið þar síðan það var fært og mun nú fallið.

Aðrir upplýsingar

Þorsteinn Sigurðsson timburmeistari smíðaði húsið en seldi það V. Claessen árið 1888. Claessen bætti síðan stórum íbúðarskúr við húsið. Síðar bjó í húsinu Kristján Jósefsson Blöndal, verslunarmaður við Claessensverslun og póstafréttslumaður, síðar bóksali. (KB 1969: 186). Húsið var flutt yfir í Hegrans árið 1992 og stóð til að gera það upp. Af þeim áformum varð ekki og hefur húsið staðið þar síðan það var fært og mun nú fallið.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-70

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrinn stóð áfastur norður- og austurhorni skúrs Michelsens (nr. 46). Stóð um 4 m norðvestan við húshorn Aðalgötu 16b.

Lýsing

Í Virðingarbók 1917 (bls. 98 B) stendur: „Skúrbygging, þiljuð og stoppuð. Veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 2,6 x 2,15.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-71

Sérheiti: Blöndalsskúr

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrbygging stóð austan við skúr Michelsens, nálægt sjó. Hann hefur staðið við norðurhlið Aðalgötu 16b.

Lýsing

Í Virðingarbók 1917 (bls. 98 C) segir: „Skúrbygging, óinnréttuð. Mál: 17 x 7. Veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa.“

Aðrar upplýsingar

Kort 1917, 1920, á kortum 1928 og 1934 hafa útlínur hússins breyst mikið. Spurning hvort skúrin hafi verið rifinn og annað byggt.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-72

Hlutverk: Peningshús, geymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrbygging stóð norðvestan við Laufás, Aðalgötu 16, eins og húsið var á þeim tíma. Í dag hefði vestari helmingur skúrsins lent inni í norðurhluta viðbyggingar við Aðalgötu 16, austari helmingurinn hefði lent á milli húsanna við Aðalgötu 16 og 16b.

Lýsing

Í Virðingarbók 1916 (bls. 74 C) stendur: „Skúrbygging, skipt í 4 hólf, notuð fyrir skepnuhús, heygeymslu og aðra geymslu. Veggir úr timbri, þak úr timbri, pappa og járn. Mál: 17 x 4,35.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-73

Sérheiti: Garðarsskúrar

Hlutverk: Skúr, híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrar stóðu um 38 m norðaustan við Laufás, Aðalgötu 16, eða við austurhlið Aðalgötu 16b í dag.

Lýsing

Í Virðingabók 1925 (bls. 40: I) stendur: „Aðalhúsið er ein hæð með risi og steinlímdu grunni undir. Í því er loft og húsinu uppi skipt sundur með þverskilrúmi: Loftið er notað til íbúðar og eru þar 4 fastarúm, 1 eldavél og liggur reykþípa úr henni í reykþálf sem steypdur er á loftinu. Í húsinu niðri er steinsteypugólf. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 7,5 x 6,25.

II: Austan við húsið er áfastur skúr, honum er skipt í tvennt með skilrúmi og er malargólf í norðurenda en steingólf í suðurenda. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 6,3 x 2,7.

III: Suður af aðalhúsinu er skúr, honum er skipt í sundur með skilrúmi eftir endilöngu og austurhluta með rimlaskilrúmi þvert yfir. Í honum öllum er malargólf. Í húsinu og skúrnum er rafleiðsla með 5 lampastæðum og einum rafmæli. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og járn. Mál: 7,65 x 7,5.“

Aðrar upplýsingar

Í *Gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks* er bókun í janúar 1925 þar sem Garðarsfélagið (Útgerðarfélagið Garðar) sækir um að byggja hús fyrir útgerðina í fjörukambinum. Félagið hafði haft Sláturhús Skagfirðinga til afnota fram til þess en fékk ekki lengur og keypti því skúr sem Höepfnarsverslun hafði átt úti á Selnesi og flutti til Sauðárkróks og setti hann niður fyrir neðan íbúðarhús Michelsens úrsmíðs (Laufás). Í fundargerðarbókinni segir að nefndin leyfi bygginguna þarna ef norðvesturhorn hennar verði að suðausturhorni Blöndalsskúrs og húsið samstefna honum. Frá skúrnum og að bæjarbyggjunni voru lagðir brautarteinar á undirstöðum úr staurum. Félagið

keypti afla af bátum á staðnum og verkaði fisk. (Gjörðabók byggingarnefndar. KB 1973: 64)
Skúrarnir virðast hafa verið rifnir á árabílinu 1956-1966 af loftmyndum að dæma.

Kort sem sýna bygginguna

Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-74

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Hús stóð um 10 m sunnan við Garðarsskúra, en um 4 m suðaustan við Aðalgötu 16b.

Aðrar upplýsingar

Engar frekari heimildir eru til um húsið og hlutverk þess því óþekkt.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-75

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjárhús stóðu um 4 m sunnan við fjós og hesthús KG., þétt upp þar sem í dag er vesturhlið Skógargötu 6.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 63) er húsunum lýst svo: „Veggir úr torfi, grjóti og timbri. Þak úr timbri, torfi og árefti. Mál: 6 x 5,3.“

Aðrar upplýsingar

Fjárhúsin voru í eigu Sölva Jónssonar skv. Virðingabók 1916, þar var kritað yfir nafn Bjarna Magnússonar og því líklegt að hann hafi átt fjárhúsin á undan Sölva.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-76

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjárhúsin stóðu um 1,5 m sunnan við fjárhús Sölva Jónssonar hér að framan, á milli húsanna nr. 6 og 8 við Skógargötu.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 64) er byggingunni lýst svo: „Veggir úr torfi, grjóti og timbri. Þak úr timbri, torfi og árefti. Mál: 4,8 x 5,45.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-77

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Smiðja stóð um 8 m austan við fjárhús Sölva, í dag myndi hún lenda við norðausturhorn hússins við Skógargötu 6.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 62) segir: „Veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 4,5 x 3,8.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-78

Sérheiti: Salurinn

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018.

Staðhættir

Húsið stóð utan og ofan við húsið Seylu þar sem nú er mið Skógargata, á milli húsa nr. 3 og 6.

Lýsing

Húsið var byggt 1900. Í Virðingabók 1916 (bls. 18) er því svo lýst: „1 íbúðarherbergi, 1 geymsluherbergi, 1 forstofuherbergi. Kjallari undir ca. 1/3 af húsinu, til geymslu. Íbúðarherbergi veggfóðrað og málað. Í því steinsteyptur reykháfur. Húsið er skúrbygging. Veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 3,90 x 5,45.“

Aðrar upplýsingar

Upphaflega var þessi timburskúr reyksalur af strönduðu skipi, Viking, stóð utan og ofan við Seylu á Skógargötu miðri. (KB 1969: 198).

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934. Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-79

Sérheiti: Guðfinnuhús / Sölvahús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Lítið timburhús við brekkuna suður af Miðklauf. Húsið virðist hafa staðið þar sem nú er suðurhluti Skógargötu 8.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 61) er húsinu svo lýst: „Húsið er ein hæð með porti og risi. Niðri 2 íbúðarherbergi og í þeim ofn og eldavél, 1 eldhús með eldavél, geymslupláss og forstofa. Á loftinu 1 íbúðarherbergi, í því eldstæði, 1 eldhús og búr. Eldavél í eldhúsinu. Allt loftið málað. Kjallari, steinsteyptur og hlaðinn, óinnréttaður er undir öllu húsinu. Steinsteyptur reykháfur í húsinu og ganga rör frá öllum eldstæðum í hann. Veggir úr timbri og pappa, þak úr timbri og pappa. Mál: 6,45 x 4,55.“

Aðrar upplýsingar

Húsið hvarf inn í hús það sem enn stendur á sama stað og reist var af Sölva Jónssyni járnsmið árið 1927. Sölvi steypiti utan um gamla húsið og bjó í því á meðan. (KB 1969: 192)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920.

Sauðá 1888-80

Sérheiti: Sigurðarhús / Bær

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð uppi við brekkuna næst fyrir utan hús Þorkels beykis, eða um 10 m sunnan við Skógargötu 8.

Lýsing

Húsið var byggt 1898 og það stóð enn þegar Saga Sauðárkróks var skrifuð en ekki er vitað hvenær nákvæmlega það var rífið. Í Virðingarbók 1916 (bls. 54 A) segir: „Húsið er ein hæð með litlu risi. Í því þrjú íbúðarherbergi, veggfóðruð og máluð og í þeim 2 eldstæði, 1 eldhús með eldavél og forstofa. Rör frá eldstæðunum ganga upp um þekjuna. Hlaðinn og steinlímdur kjallari er undir húsinu, óinnréttaður. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál húss: 5,7 x 4,55. Viðbyggður skúr, skipt í tvennt, notaður til geymslu. Útveggir úr timbri, þak úr timbri, árefti og torfi. Mál skúrs: 4,3 x 4.“

Aðrar upplýsingar

Lítið timburhús uppi við brekkuna næst fyrir utan hús Þorkels beykis. Sigurður Guðmundsson frá Bæ á Höfðaströnd reisti húsið. (KB 1969: 197).

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-81

Hlutverk: Fjár- og hesthús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu um 10 m vestan við Sigurðarhús, eða um 11 m suðvestan við Skógargötu 8.

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 54 A) segir: „Útveggir úr timbri og, þak úr timbri og árefti. Mál: 4 x 6,5.“

Aðrar upplýsingar:

Húsið er horfið en þarna er nú slétt flöt, mögulega leifar matjurtagarðs.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-82

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Grunnur

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Samkvæmt kortum stóð hús um 10 m fyrir vestan Þorkelshól, eða um miðja vegu á milli húsanna nr. 8 og 10b við Skógargötu. Röð grenitrjáa liggur frá Skógargötu upp brekku á um 20m löngum kafla um miðja vegu milli Skógargötu 8 og 10b. Efst í þessari trjáröð eru leifar hlaðins húsgrunns

Lýsing

Grunnurinn er hlaðinn að mestu úr smágrýti og er um 3x6m að stærð en í honum vex stærðarinnar grenitré þannig að ekki var hægt að mæla hann að fullu. Upp frá grunninum lá lágt garðlag beint upp



Mynd 21. Efsta grenitréð, stendur á dálitlum sléttum palli sem hefur verið grunnur [1888-82] skósmíðaverkstæðis. Upp frá grunninum til hægri á mynd má sjá upphækkun undan girðingu sem liggur til vesturs upp brekkuna frá grunninum. Ljós. BSk.

brekkuna líklega undan girðingu. Þessi girðing passar við afmarkaðan garð/girðingu sem sjá má á kortinu frá 1934.

Aðrar upplýsingar

Hefur líklega tilheyrt Þorkelshóli. Ingólfur Sveinsson telur að þarna hafi verið skósmíðaverkstæði.

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-83

Sérheiti: Þorkelshóll / Þorkelshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð við brekkuna, um 7 m sunnan við Sigurðarhús, eða um 8 m norðan við Skógargötu 10b (Læknishúsið).

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Byggt 1896

Í Virðingarbók 1917 (bls. 80 A) segir: „Húsið er ein hæð með risi: Í því 2 íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð, í þeim einn ofn. Loftið er óinnréttað geymslupláss og hlaðinn kjallari undir húsinu. Veggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál húss: 4,39 x 3,14. Skúr byggður við vesturhlið hússins – í

honum 1 íbúðarherbergi veggfóðrað og málað, í því ein kabyssa, 1 eldhús með eldavél, forstofuskúr suður af. Veggir úr timbri, þak úr timbri og járn. Mál skúrs: 6,38 x 2,10. Við norðurenda hússins viðbyggður skúr, í honum eitt íbúðarherbergi, veggfóðrað og málað og 1 forstofa. Veggir úr timbri, þak úr timbri og járn. Mál skúrs: 3,20 x 3,14. Rör frá eldstæðunum ganga út um þekju.“

Aðrar upplýsingar

Lítið timburhús sem reist af Þorkeli Jónssyni beyki og bátasmið. Þetta hús mun hafa brunnið. (KB 1969: 192).

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934. Skisse over Sauðárkrókur 1928. Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-84

Hlutverk: Fjárhús og hlaða

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu um 2 m sunnan við Þorkelshús, þau stóðu þvert á íbúðarhúsið. Í dag myndu þau standa um 1 m norðan við Skógargötu 10b (Læknishúsið).

Lýsing

Í Virðingarbók 1917 (bls. 80 B) segir: „Útveggir úr timbri og torfi, þak úr timbri og árefti og torfi. Mál: 11,5 x 4,2.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-85

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bygging stóð vestan við Miklabæ og Salinn, eða þar sem nú er Aðalgata 7 og 9.

Lýsing

Í Virðingarbók 1934 (bls. 72) segir: „Húsið er timburhús með járnþaki á lektum, notað til timburgeymslu. Veggir úr timbri, þak úr járn á sperrum og lektum. Mál: 31 x 6,2.“

Aðrar upplýsingar

Sést fyrst á korti JV 1934, er enn á loftmynd 1956 en farinn á loftmynd 1966.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-86

Sérheiti: Salurinn (viðbygging við Miklabæ)

Hlutverk: Veitingastofa, verslun

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið var viðbygging sunnan við Miklabæ og stóð þar sem nú er Aðalgata 7.

Lýsing

Húsið var byggt 1900 og rífið 1959. Í Virðingabók 1916 (bls. 16) segir: „Fundarhús og leiksvið. Allt þiljað og málað. Húsið notað sumpart til vörugeymslu og sumpart til fundarhalda og skemmtana. Leirpípa gengur frá gófli og uppúr þekju og liggur rör frá ofninum í hana. Húsið er áfast við hús Snæbjörns Sigurgeirssonar. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 11 x 6,3.“

Aðrar upplýsingar

Húsið var viðbygging sunnan við Miklabæ. Gunnar Sigurðsson trésmiður byggði viðbygginguna en kona hans Dýrfinna Jónasdóttir hafði greiðasölu og gistingu í Miklabæ. Viðbyggingin var nefnd Salurinn veitingastofa. Hann var rifinn árið 1959 þegar Alþýðuhúsið var reist, þar sem nú heitir Mælifell. Í Salnum verslaði Jón Jónsson Heiðberg um skeið, síðan Sigurgeir Daníelsson frá Núpufelli í nokkur ár og nefndi Drangey. (KB 1969: 198)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-87

Hlutverk: Geymsla

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrbygging stóð um 10 m fyrir austan Aðalgötu 10 (Deild).

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 55 B) stendur: „Geymsluskúr, óinnréttaður. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 3,85 x 5,15.“

Aðrar upplýsingar

Skúrinn tilheyrði Deild og stóð beint stóð beint austur af því húsi, norðan við og áfastur skúr sem enn stendur og tilheyrir nú Freyjugötu 10b.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-88

Sérheiti: Sæbyrgi

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 15 m austan við Skóarabæ. Það stóð þar sem nú er Freyjugata 10 (Sólheimar).

Lýsing

Húsið var byggt 1901 en brann 1921. Í Virðingabók 1917 (bls. 81) stendur: „Húsið er ein hæð með risi. Niðri 3 íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð og ofnar í tveimur, 1 eldhús með eldavél, útúrbyggður forstofuskúr. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál húss: 5,75 x 4,5. Viðbyggt við húsið er skúr og í honum 1 íbúðarherbergi veggfóðrað og málað, 1 geymsluherbergi og forstofa. Kjallari hlaðinn og steypur er undir húsinu og skúrnum. Steypur reyk háfur og ganga rör frá eldstæðum í hann. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál skúrs: 4,2 x 4,5.“

Aðrar upplýsingar

Timburhús, reist af Tímóteusi Torfasyni útgerðarmanni. Húsið brann árið 1921, þá bjó Eiríkur Kristjánsson í því. (KB 1969: 201)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920.

Sauðá 1888-89

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Hús stóðu um 13 m austan við Sæbyrgi. Í dag væru þau um 13 m austan við Freyjugötu 10 (Sólheima).

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Aðrar upplýsingar

Svo virðist sem fjárhús S. Sigurgeirssonar hafi staðið á sama eða svipuðum stað, en þar snýr það þvert á bygginguna sem kortið frá 1934 sýnir og var þá líklega fyrri tíma bygging. Lýsing finnst ekki í virðingu 1916-1917 en það sést á þessari afstöðumynd sem fylgir húsinu Sæborg. Sést á loftmynd 1956 en ekki 1966.

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-90

Sérheiti: Jónsskúr / Sæströnd

Hlutverk: Verslun, beituskúr?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrinn stóð neðan við Sæborg, nærri sjó, eða um 16 m vestan við Freyjugötu 1b (Björk).

Lýsing

Skúrinn var byggður 1899. Í Virðingabók 1916 (bls. 37. B eða C) er þessi skúr virtur með Sæborgu.

Aðrar upplýsingar

Timburskúr við sjó neðan við Sæborg, reistur af Jóni Ólafi Stefánssyni verslunarmanni. Jón fékkst við útgerð og verslunarstörf fyrir sjálfan sig og aðra. Verslaði hann um skeið í skúrnum, sem þá var í gamni stundum kallaður Tívolí. (KB 1969: 197)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-91

Hlutverk: Fjárhús, smiðja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu í brekkunni norðvestan við Skógargötu 12 (Hvamm/Halldórshús).

Lýsing

Í Virðingarbók 1916 (bls. 56 B) segir: „Fjárhús: Útveggir úr steini, torfi og timbri. Þak úr timbur árefti og torfi. Mál: 4,3 x 3,5.“ Í sömu virðingu (bls. 56 C) segir: „Smiðja: Útveggir úr steini, torfi og timbri. Þak úr timbur árefti og torfi. Mál: 5 x 5,3.“

Aðrar upplýsingar

Líklega fjárhús og smiðja sem tilheyrðu Hvammi og fleirum. Reyndar virðist húsið mun stærra á korti en virðingin segir til um en annað virðist þó ekki koma til greina.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-92

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 6 m vestan við Vigfúsarhlöðu, rétt sunnan við Syðrilind, eða um 16 m sunnan við Skógargötu 10b (Læknishúsið).

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Aðrar upplýsingar

Húsið stóð um 6 m vestan við Vigfúsarhlöðu, rétt sunnan við Syðrilind. Húsið sjálft finnst ekki brunavirt, en það sést á afstöðumynd með virðingum (1916) annarra húsa í nágrenninu og á afstöðumyndinni stendur nafnið H. Steinsdóttir við þetta hús. Í manntali 1910 bjó aðeins ein „Steinsdóttir“ í Sauðárkrókssókn, Helga Steinsdóttir, en hún var frá Keldudal og rak greiðasölu um árabíl í Grænahúsi. (manntal.is, KB 1969: 189).

Í Sögu Sauðárkróks segir frá því þegar áformað er að leggja ræsi frá Syðrilindinni og niður að sjó. Þetta var árið 1906 og þá hafði lindin verið til óþæginda í Gróðrarstöðinni. Leyfi fékkst frá Helgu að leiða lindina norðan við hús hennar, sunnan Gróðarstöðvarinnar, gegn tryggingu þess að vatn rynni ekki inn í kjallarann. (KB 1969: 464-465)

Þessi lýsing á umhverfinu kemur heim og saman við kort og afstöðumynd í virðingunni.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-93

Sérheiti: Vigfúsarhlaða / Hlaðan

Hlutverk: Hlaða, híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 8 m fyrir vestan Skógargötu 9 (Melsteðshús) eins og það er í dag.

Lýsing

Byggð fyrir aldamótin 1900.

Í Virðingarbók 1916 (bls. 7) segir: „1 íbúðarherbergi, 1 geymsluherbergi. Loftið óinnréttað. Húsið einlyft með litlu porti, steypurör frá eldavélinni upp úr þekju. Timburstafnar og framhlið, vesturhlið úr torfi. Framhliðin hallast fram og byggingin yfirhöfuð mjög hrörleg. Mál: 5,3 x 4,17.“

Aðrar upplýsingar

Byggingin virðist stærri á elstu kortunum tveimur, eins og fjóshlutinn hafi verið farinn á seinni kortunum. Húsið stóð um 12 m fyrir vestan (ofan) Melsteðshús. Sá hluti sem hér um ræðir, íbúðarhluti byggingarinnar, er það sem merkt er Skefilsstaðahreppi á afstöðumynd með virðingunni. Hlaðan, sem svo var nefnd í daglegu tali, stóð fyrir ofan Melsteðshús og var upphaflega heyhlaða og geymsla Vigfúsar Guðmundssonar (Melsteðs) hreppstjóra. Ekki er vitað hvenær hún var reist eða hvenær hún er tekin til íbúðar en það mun hafa verið nokkru fyrir 1890. Aldamótaárið áttu fimmtán manns heima í Hlöðunni sem löngum var heimili fátæklinga. (KB 1969: 185-186)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-94

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrbygging stóð um 6,5 m vestan við Björk (þá Aðalgötu 3) og um 13 m norðaustan við Skógargötu 11 (Gúttó). Í dag lendir skúrin inni í einum byggingarhlutanna sem tilheyrir Aðalgötu 5.

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-95

Sérheiti: Hús Guðmundar smiðs

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð sunnan og neðan við Templarahús, vestan Aðalgötu. Nú stæði þetta hús um 11 m sunnan við Aðalgötu 5 og á þeirri lóð.

Lýsing

Húsið var byggt 1898 en brann 1899.

Aðrar upplýsingar

Stórt timburhús sem stóð fyrir sunnan og neðan Templarahús. Guðmundur Björnsson smiður, kvæntur Birgittu Árnadóttur verti, reisti húsið. Húsið brann svo til fullgert 14. ágúst 1899. Á rústum þess reis fyrsta íshúsið (Klakageymslan/Íshúsið) og upp úr því var smíðað hús Steindórs Jónssonar smiðs (Björk). (KB 1969: 197)

Sauðá 1888-96

Sérheiti: Íshúsið / Klakageymslan

Hlutverk: Íshús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð neðan við Templarahús, vestan Aðalgötu. Húsið stóð fast sunnan við Aðalgötu 5.

Lýsing

Íshúsið var byggt 1900 en rífið 1917.

Aðrar upplýsingar

Íshúsið var reist á grunni húss Guðmundar Björnssonar smiðs sem getið er hér að framan (sjá. nr. 95). Að framkvæmdum stóðu Popp, Stefán Jónsson, Claessen og Jón Guðmundsson frá Brennigerði sem veitti húsinu forstöðu. Húsið var rífið árið 1917 og á grunni þess reis húsið Björk. (KB 1969: 199)

Kort sem sýnir bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund).

Sauðá 1888-97

Sérheiti: Björk

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð neðan við Templarahús, vestan Aðalgötu. Húsið stóð fast sunnan við Aðalgötu 5.

Lýsing

Húsið var byggt 1917 en rífið 2009. Í Virðingabók 1917 (bls. 1) segir: „Húsið stóð neðan við Templarahús, vestan Aðalgötu. Húsið er tvær hæðir með brotnu risi. Niðri 1 skrifstofa með ofni, 1

trésmíðavinnustofa með járn[...]lofti og rörlagt með ofni, 1 forstofa. Á loftinu 4 íbúðarherbergi veggfóðruð og máluð með einum ofni, 1 eldhús með eldavél, 1 búr og forstofa. Kjallari steinsteypur og hlaðinn undir öllu húsinu, norðurstafn með steinsteypu gólfi, honum skipt í tvö geymsluherbergi. Steinsteypur reykháfur og ganga rör frá eldstæðum í hann. Salerni við húsið. Útveggir úr timbri, þak úr timbri, pappa og járn. Mál: 8,27 x 6,43.“

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Virðingabók 1927, bls. 63 hefur verið byggður skúr áfastur við húsið, honum skipt í tvennt með timburskilrúmi. Annar hlutinn var notaður sem sölubúð en hinn pakkhús. Líklega hefur þessi skúr komið vestan við íbúðarhúsið eins og kort Jóns Víðis gefur til kynna.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-98

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrbygging stóð um 15 m suðaustan við Aðalgötu 8 (Sæborg).

Lýsing

Engar lýsingar eru til af byggingunni.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-99

Sérheiti: Grænahús / Félagshús

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 22 m suðaustan við Aðalgötu 8 (Sæborg).

Lýsing

Húsið var byggt 1890 en óvíst hvenær það var rífið. Það sést á loftmynd 1978 en er horfið á loftmynd frá 1995. Í Virðingabók 1916 (bls. 14) segir: „Niðri 2 íbúðarherbergi, 3 geymsluherbergi, 1 forstofa. Á lofti 2 íbúðarherbergi, 1 gangur. Kjallari undir ca. ½ húsinu, notaður til geymslu. Húsið er ein hæð með porti og risi. Húsið er gamalt yfir höfuð, í fremur slæmu ástandi. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál húss: 6,4 x 5,12. Áfastur við húsið er einfaldur skúr, skipt í tvennt. Enginn reykháfur er í húsinu en 4 rör frá eldstæðunum upp úr þekjunni. Salerni við húsið. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál skúrs: 3,35 x 6,37.“

Aðrar upplýsingar

Húsið var reist af Bjarna Jónassyni bátaformanni árið 1890. Ári síðar drukknaði Bjarni og þá eignaðist Stefán verslunarstjóri Gránufélagsins húsið. Þar höndlaði Kristján Gíslason í eitt ár eða svo og síðar rak þar Helga Steinsdóttir frá Keldudal greiðasölu í mörg ár. Húsið var einnig notað til íbúðar. Um aldamótin var það stundum nefnt Félagshús, en þá áttu það í félagi Þorvaldur Sveinsson útvegsmaður, Friðrik Árnason sjómaður og Jóhann Jóhannesson skósmiður. Grænahús mun það hafa heitið upphaflega og svo hefur það jafnan kallast, hvernig sem litur þess hefur verið hverju sinni. Árið 1902 seldi Þorvaldur Sauðárhreppi sinn eignarhlut og síðar komst það allt í eigu hreppsins. (KB 1969: 189)

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-100

Sérheiti: Skorrastaður

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 15 m suðaustan við Grænahús, eða fast upp við vesturhlið Freyjugötu 6.

Lýsing

Húsið var byggt 1925 en brann 2009. Í Virðingabók frá 1926 (bls. 46) segir: „Húsið er byggt úr timbri með steinsteypum kjallara undir öllu húsinu. Kjallaranum er skipt þvert yfir með steinsteypuvegg. Í suðurenda er trésmíðaverkstæði en í norðurenda geymsla í þremur hólfum. Suðupottur er í kjallaranum. Uppi á stofuhæð eru 4 íbúðarherbergi alþiljuð, veggfóðruð og máluð. 1 eldhús, alþiljað og í því eldavél. 1 forstofa með klæðaskáp. Í íbúðarherbergjunum eru 1 ofn og 1 eldavél. Úr öllum eldstæðunum liggja reykleiðslur í steinsteypuðum reykháf. Vatnsleiðsla er í húsinu og raflýsing með 6 lömpum. Útveggir úr timbri, kjallari steinsteypur, þak úr timbri og pappa. Mál: 8,85 x 6,3.“

Kort sem sýna bygginguna

Skisse over Sauðárkrókur 1928, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-101

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018.

Staðhættir

Útihús eru sýnd á kortum um 8 m vestan við Skógargötu 14 (Hvamm).

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Aðrar upplýsingar

Kofi, um 4 x 4,5 m sést fyrst á korti 1928 og svo aftur á 1934 korti. Samkvæmt korti 1937 var kofinn úr steini eða steinsteypu. Við skráninguna 2018 voru mæld upp steinsteypur vesturstafn og lágar veggheðslur. Byggingarefni og stærð hússins passa við það sem sést á kortum en staðsetningin passar hinsvegar ekki alveg, heldur fellur þessi bygging inn í fjárhús/smiðju byggingu [91]. Ingólfur Sveinsson segir þarna hafa verið þrjú samliggjandi hús.

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.



Mynd 22. Leifar steinsteyptrar byggingar liggur við brekkurætur

Sauðá 1888-102

Hlutverk: Óþekkt/kofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Kofabygging stóð um 10 m fyrir vestan (ofan) við húsið við Skógargötu 16 (Hól), eins og það er í dag.

Lýsing

Engin lýsing er til af byggingunni.

Kort sem sýna bygginguna

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund), Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-103

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Fjárhúsin stóðu um 6 m vestan (ofan) við húsið við Skógargötu 16 (Hól) eins og það er í dag.

Lýsing

Engin lýsing er til af byggingunni en í Virðingabók 1916 (bls. 32) sést það efst á afstöðumynd með virðingu Hóls.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-104

Hlutverk: Þurrkhjallur, líkhús, hæsnahús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Byggingin stóð um 4,5 m vestan við Aðalgötu 1 (Gamla sjúkrahúsið).

Lýsing

Í Virðingabók 1916 (bls. 35 B) segir: „Þurrkhjallur: Útveggir úr timbri, þak úr timbri og járn. Mál: 7,65 x 3,85.“ Í Virðingabók 1933 (bls. 63) er byggingunni svo lýst: „Skúr sjúkrahússins: Húsið er ein hæð með skúrþaki, allt þiljað að innan og stoppað milli þilja. Húsið er hólfað í tvennt og er líkhús í öðrum enda hússins en hæsnahús í hinum. Húsið raflýst með tveimur rafmagnslömpum.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-105

Hlutverk: Fjárhús, fjós

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu rúma 24 m fyrir ofan (vestan við) Kirkjuhol (Skógargötu 15). Í dag væri húsið að hluta inni í húsinu við Skógargötu 18 og að hluta á milli húsanna við Skógargötu 16 og 18.

Lýsing

Í virðingabók 1916 (bls. 30 B) segir: „Fjárhús og fjós: Útveggir úr torfi, grjóti og timbri. Þak úr timbur árefti og torfi. Mál: 9,65 x 4,7.“

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-106

Hlutverk: Fjós, heyhlaða og haughús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu um 4 m vestan við Skógargötu 15 (Kirkjuhol).

Lýsing

Í Virðingabók 1931 (bls. 50) segir: „Fjós, heyhlaða og haughús: Húsið er með skúrþaki. Milli fjóss og hlöðu er skilrúmsveggur úr járnplötu. Útveggir úr járn á grind, þak úr járn á langböndum. Mál: 7,25 x 4,5. Vestan við húsið er haughús úr steinsteypu og járnþaki. Útveggir úr steinsteypu, þak úr járn á langböndum. Mál: 3,3 x 2,2.“

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-107

Hlutverk: Fjós og hlaða.

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsin stóðu um 6,5 m vestan við Skógargötu 17b (Sauðá).

Lýsing

Í Virðingabók 1930 (bls. 18) er húsinu lýst svo: „Húsið er ein hæð með skúrþaki. Helmingur hússins er úr steinsteypu en hinn helmingurinn úr bárujárni á timburgrind. Húsinu er skipt í tvennt, þvert yfir, með bárujárni. Raflýst með 1 lampa. Annar helmingur hússins er fjós, hinn hlaða. Í fjósinu er vatnsleiðsla. Útveggir úr steinsteypu og járn, þak úr bárujárni. Mál: 9,15 x 3,10.“

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-108

Hlutverk: Óþekkt/útihús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 25 m austan við gamla barnaskólann (Aðalgötu 2), á milli Kirkjutorgs 1 og 3.

Aðrar upplýsingar

Húsið sést vel á korti frá 1920 og merkt þar „Önnur hús“ og virðist staðsett inn í afgirtum bletti. Líklega var um einhvers konar útihús að ræða. Það kemur ekki fram á korti 1934 enda var Rússland byggt árið 1931 á sama stað og gamla húsið sem var hugsanlega rífið vegna þeirra framkvæmda.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928.

Sauðá 1888-109

Hlutverk: Fisktökuhús

Tegund: Heimild

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson

Staðhættir

Húsið stóð um 10 m sunnan við Skorrastað þess tíma, eða um 2 m austan við Kirkjutorg 3 (Rússland).

Lýsing

Engin lýsing er til af húsinu.

Aðrar upplýsingar

Þetta hús var fisktökuhús og flutt frá Selvík þegar höfnin á Sauðárkróki er byggð 1935. Sá sem byggði Rússland átti húsin í Selvík og þetta eru að öllum líkindum gömlu og upphaflegu verslunarhúsin í Selvík.)

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-110

Sérheiti: Ártún

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Húsið stóð um 15 m norðan við Ósland, en er á sama stað og núverandi Freyjugata 18.

Lýsing

Í Virðingabók 1920 (bls. 23) segir: „Húsið er ein hæð með risi. Niðri 1 íbúðarherbergi, veggfóðrað og málað, eldhús og 1 geymsluherbergi og forstofa. Á loftinu 1 íbúðarherbergi og óinnréttað geymslupláss. Inngangur í eldhúsið er um skúr norðan við húsið. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 7,10 x 4,15. Vestanvert við húsið er viðbyggður skúr, skipt í þrennt, hesthús, fjós og geymslu. Reykháfur steinsteyptur er í húsinu. Útveggir úr timbri, þak úr timbri og pappa. Mál: 6,25 x 3,15.“

Aðrar upplýsingar

Húsið stóð um 16 m norðan við Ósland. Á korti Jóns Víðis er það nefnt Ártún en annað hús á Sauðárkróki bar það nafn líka.

Kort sem sýna bygginguna

Sauðárkrókur 1920, Skisse over Sauðárkrókur 1928 og Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-111

Hlutverk: Óþekkt, kofi

Tegund: Heimild

Staðhættir

Skúrbygging stóð um 28 m austan við Ártún, nærri sjó, eða um 6 m suðaustan við Freyjugötu 3 (Arnarhvol).

Lýsing

Engin lýsing er til af byggingunni en mál skv. korti eru um 5,5 x 3,5m.

Kort sem sýnir bygginguna

Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-112

Gamalt númer: 18176 48-98

Sérheiti: Gamla bryggja

Hlutverk: Bryggja

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamla bryggja lá rétt norðan við þar sem nú er hafnargarður við smábátahöfnina nálægt þar sem nú er norðaustur horn hússins að Aðalgötu 24. Við fornleifaskráningu 2005 fundust tveir staurar sem tilheyrðu bryggjunni en þeir eru horfnir vegna seinni tíma landfyllingar.

Aðrar upplýsingar

Í Sögu Sauðárkróks (1972, bls. 241-251) segir: Snemma fóru menn að stinga upp á smíði fastrar bryggju á Sauðarkróki, Sigurður Ólafsson stakk upp á því árið 1892 að smíðuð yrði bryggja „er bæði þoli brimrót og ísrek“. Tillögunni fylgdi uppdráttur og kostnaðaráætlun. Kaupmenn lögðust alfarið gegn þess bæði vegna mikils kostnaðar og eins höfðu þeir ekki trú á því að slík bryggja kæmi að fyrirhuguðum notum. Málið lá því niðri að mestu þar til árið 1909, þegar Th. Krabbe landsverkfræðingur var



Mynd 24. Horft til suðurs eftir strandlengjunni að Gömlu Bryggju [1888-112]. Ljós. HSk.

staddur á Króknum og var þá fenginn til að gera athuganir á legunni og gera tillögur um smíði fastrar bryggju. Í ársbyrjun 1911 var tilbúinn uppdráttur og kostnaðaráætlun sem hljóðaði upp á 8-9.000 kr. Í febrúar 1912 skorar hreppsnefnd á sýslunefnd að standa fyrir smíði bryggjunnar. Bryggjunefnd var kosin til að vinna að málinu og í hönd fór langur tími undirbúnings. Menn voru ekki á eitt sáttir um gerð bryggjunnar, hvort búkkabryggja eða staurabryggja yrði fyrir valinu. Mikið var rætt um hvor gerðin væri heppilegri, bæði m.t.t. kostnaðar og hvor væri líklegri til að standa af sér stórbrim. Sýslunefnd frestaði málinu um óákveðinn tíma vegna fjárskorts en skömmu eftir þá ákvörðun boðaði hreppsnefnd til fundar þar sem samþykkt var að nefndin leitaði eftir óafturkræfum fjárframlögum hjá þremur stærstu verslununum. Verslunarstjórnarnir tóku málinu vel og einnig gengu aðrir kaupmenn fúsir í samstarfið. Þetta samskot dugði þó ekki til og málinu frestað enn. Í ársbyrjun 1915 var enn kvatt til hreppsfundar og málið komst loks almennilega á skrið. Landsverkfræðingur sá um útboð til efniskaupa, efnið barst þó ekki fyrr en í ágústmánuði 1915 og of seint að hefja smíði bryggjunnar það ár. Í janúar 1916 hófs loksins ráðning manna til bryggjusmíðinnar og í maíbyrjun hófst eiginleg undirbúningsvinna. Grjóts var víða aflað í bryggjuna, s.s. úr Íshúsinu og úr Sauðárgili og þegar þá námu þraut var grafið eftir grjóti í fjörunni og uppi í kampinum austan við sláturhús Sigurgeirs Daníelssonar. Það hrökk þó ekki til heldur þegar í ljós kom hvað þurfti til að fylla grjótkesturnar.



Mynd 23. Mynd frá 1905 þar sem sjá má lausabryggjur sem notast var við áður en að

Ákveðið var að láta það bíða seinni tíma að útvega meira grjót, því það vantaði varla svo mikið að það kæmi að sök í stuttan tíma. Í ágúst 1916 var bryggjan fullgerð að öðru leyti en þessu að grjótþyllingu vantaði, einkum í allan framhluta hennar, steinkisturnar. Bryggjan var stolt bæjarbúa sem Sauðkrækingar stóðu að einhuga að. Áfallið dundi yfir 17. september sama ár þegar aftakaveður gerði með foráttubrimi. Allur fremri hluti bryggjunnar skekktist og stórskemmdist og þar með báðar steinkisturnar. Það þótti auðsýnt að bryggjan færi öll í haust- og

vetrarbrimum. Að ráði verkfræðings voru allir staurarnir við steinkisturnar rifnir upp og reknir niður við innri hluta bryggjunnar til að koma í veg fyrir að hún liðaðist í sundur. Við þetta styttist bryggjan í 45 m. Sá hluti sem eftir stóð var lagfærður eftir föngum sumarið 1917 og árið 1918 var samþykkt að lengja bryggjuna í þá lengd sem ráðgerð hafði verið upphaflega en síðan var horfið frá því enda kostnaður kominn langt fram úr áætlun.

Á ljósmynd sem var tekin 1905 (Ljós. 24) má sjá fjórar timburbryggjur í fjörunni austan þorpsins en á mynd frá um 1903 eru bryggjurnar sex. Um er að ræða svokallaðar lausabryggjur sem, líkt og bátar, voru dregnar upp í fjöruna þegar þær voru ekki í notkun. Þar sem þessar bryggjur voru ekki jarðfastar eru þær ekki skráðar með hér. Þær voru leystar af hólmi 1916 þegar Gamla bryggja var byggð.

Kort sem sýna bryggjuna

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Sauðárkrókur 1934.



Mynd 25. Horft til norðurs yfir gamla matjurtagarða [1888-113] í Kirkjuklauf. Ljós. BSk.

Sauðá 1888-113

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson

Lýsing

Garðarnir lágu í brekku norðanvert í Kirkjuklaufinni og vissu mót suðri.

Staðhættir

Á svokölluðu Herforingjaráðskorti frá 1920 má sjá afmarkaða garða, líklega matjurtagarða í Kirkjuklaufinn þar sem nú standa húsin Hlíðarstígur 2 og 4. Enn má sjá ummerki garðanna í brekkunni

umhverfis húsin en ekki fundust neinar hleðslur á vettvangi 2018. Yfirlit yfir útmörk garða má finna á korti aftast í skýrslu.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Ingólfi Sveinssyni mun þetta vera einn elsti matjurtagarður á Sauðárkróki. Hann var tekinn í notkun um 1908-10 af Péttri Sighvatssyni. Þarna er enn í dag matjurtagarður á hluta svæðisins og er þar ræktaður sami stofn af kartöflum og þegar garðurinn var tekinn í notkun.

Kort sem sýna garðinn

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Sauðárkrókur 1934.



Mynd 26. Horft til suðurs yfir Sauðárkrók. Myndin er líklega tekin 1912 þar sem að hægra megin við miðju myndar má sjá langan handgrafinn skurð sem grafinn var þegar vatnleiðslan var lögð í bæinn. Ljósm. HSk.

Sauðá 1888-114

Hlutverk: Vatnsveita


Tegund: Heimild

Staðhættir

Á korti frá 1912 er sýnd vatnslögn í þau hús sem þá stóðu í þorpinu. Teikningin af vatnsveitunni er skematísk og því ekki hægt að leggja hana yfir kort eða hnitsetja frekar.

Aðrar upplýsingar

Þörf fyrir vatnsveitu var mikil, bæði vegna brunavarna og af heilbrigðisástæðum. Héraðslæknir hafði margsinnis bent á sýkingarhættu sem gæti stafað af neysluvatninu. Vatnsbólin voru því búin að vera til umræðu um nokkurt skeið þegar þegar séra Árni Björnsson oddviti hreppsnefndar bar fram tillögu á hreppsfundi í september 1907 að sveitarstjórn léti útbúa vatnsveitu úr „hinna stóru lind kaupþúnsins.“ Málið gekk hægt í stjórnkerfinu, árið 1909 bókar hreppsnefnd að hún telji sívaxandi þörf á vatnsveitu. Á þessum tíma voru vatnsveitur nánast óþekktar, Akureyri fékk vatnsveitu árið



Mynd 27. Yfirlitstekning af vatnsveitukerfinu sem lagt var 1912. Teikning í eigu HSk.

1903 og Reykjavík 1909. Á sama tíma var unnið að því að koma á fót brunavarnarkerfi samkvæmt lögum og fyrsti slökkviliðsstjórinn kosinn árið 1909. Niðurstaða hreppsnefndar á þessum tíma var sú að ekki væri fært að ráðast í vatnsveituframkvæmdir sakir þess hve illa áraði í viðskiptalífi. Sumarið 1909 var hér á ferð Th. Krabbe verkfræðingur við mælingu hafnarinnar og var hann fenginn til að gera uppdrátt fyrir vatnsleiðsluna og meta kostnað við hana. Niðurstaða verkfræðingsins var að vatnsveitan myndi kosta 8.100 kr. og sveitarstjórn hætti við framkvæmdir vegna fjárhagsörðugleika. Áfram dankaðist málið þrátt fyrir skýr fyrirmæli brunalaga um ákveðinn búnað til brunavarna. Á hreppsfundi í desember 1911 er loks ákveðið að ráðast skuli í vandaða vatnsveitu um kaптúnið allt og taka átti vatnið í fjallinu ofan Hlíðarenda og var kosið í nefnd til að vinna að málinu. Vorið 1912 var hafist handa við framkvæmdir enda sívaxandi þörf á vatni, héraðslæknarnir höfðu bent á að orsakir taugaveiki, sem hafði gert vart við sig á Sauðárkróki undangengin ár, mætti rekja til þess að neysluvatn væri hvorki nægilega mikið og né nógu gott. Við lagningu veitunnar var gengið rösklega til verks og um mitt ár 1912 var verkið komið langt á leið og vatn komin í öll helstu húsin. Landlæknir skoðaði vatnsveituna um þetta leyti og sagði hana í besta lagi og vatnið ágætt. (Vatnsból, vatnsveita og brunavarnir“ (KB 1973, bls. 217-222).

Sauðá 1888-115

Gamalt númer: 181763 48 - 87

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Matjurtagarðurinn er í Kristjánsklauf, vestan við húsið Kambastíg 4, í sunnanverðum kambinum sem skilur að Briemsklauf og Kristjánsklauf.

Lýsing

Garðurinn er um 15 m í austur-vestur og 10 m í norður-suður, að stærð. Af hleðslum má sjá að hann hefur áður verið stærri eða



Mynd 28 Horft til norðvesturs yfir matjurtagarð [1888-115] í Kristjánsklauf. Ljós. BSk.

um 20 m í norður-suður og um 18 m í norður-suður. Hleðslur eru í kringum garðinn eins og hann var upphaflega, þær renna saman við landið á norðurhlið garðsins, og eru þar allt að 0.5 m á hæð. Á austur-vestur hlið eru þær um 0.5 m á breidd, hleðsluhæð um 0.3 m. Vegna hallans hafa beðin verið á a.m.k. tveim stöllum.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þessi garður tekinn í noktun um 1940.

Sauðá 1888-116

Hlutverk: Matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Matjurtagarður liggur í brekku ofan við steiptan tank við Ytrilind ofan hússins Lindargötu 11.

Lýsing

Garðurinn veit mót austri. Einungis lág hleðla liggur umhverfis garðinn sem bendir til að hann hafi verið afmarkaður með girðingu fremur en torfvegg. Garðurinn er ferkantaður að stærð og smærri garður liggur út úr honum til norðurs. Hann er um 6x7m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Stór barrtré eru í og ofan efsta hluta garðsins.

Kort sem sýna garðinn

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Sauðárkrókur 1934.



Mynd 29. Horft til suðurs yfir matjurtagarð [1888-116] fast norðan Ytri lindar. Ljós. BSk.

Sauðá 1888-117

Hlutverk: Matjurtagarðar

Tegund: Hleðsla

Heimildamaður: Ingólfur Sveinsson, 2018

Staðhættir

Matjurtagarðar eru í brekkunni ofan við Lindargötu 13.

Lýsing

Garðarnir eru á stöllum í brekkunni og vita mót austri. Einungis lág hleðsla liggur umhverfis garðana sem bendir til að þeir hafi verið afmarkaðir með girðingu. Tvö hólfr eru í garðinum það stærra um 14x7m að stærð og smærri garður sunnan við 4x6m að stærð. Í norðausturhorni syðri garðsins er steiptur grunnur kofa um 5x3m að stærð. Ingólfur Sveinsson segir þetta vera grunn smiðju sem reist var um 1940.

Kort sem sýna garðana

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Sauðárkrókur 1934.



Mynd 30.. Matjurtarðar ofan við Lindargötu 13. Ljós. BSk.



Mynd 31. Ljósmynd af Sauðárkróki sem mun tekin 1898. Keilubaninn [1888-119] stóð við Knudsensgarð og sýnir bendin örin á hann.

Sauðá 1888-118

Hlutverk: Matjurtagarðar

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Leifar matjurtagarða eru í brekkunni ofan við hótél Tindastól.

Lýsing

Garðlög liggja upp við brekku niður frá Brekkugötu um 30m ofan við Hótél Tindastól.

Lýsing

Þarna hafa greinilega verið matjurtagarðar. Garðurinn hefur legið ofan við fjósbyggingu sem stóð ofan við Hótél Tindastól. Þarna eru augljósir hlaðnir stallar uppi við austurbrekku niður frá Brekkugötu, um 80cm að hæð, en garðurinn sjálfur er einungis slétt flöt austan brekkunnar. Hún var um 10x5m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Á kortunum 1917 og 1920 er sýndur stór garður upp frá Hótél Tindastóli en ekki aðgreint hvort þar er um að ræða matjurtagarð. Afmarkaðri garður er hinsvegar sýndur á kortinu frá 1934.

Kort sem sýna garðinn

Sauðárkrókur 1917, Sauðárkrókur 1920, Sauðárkrókur 1934.

Sauðá 1888-119

Sérheiti: Keilubaninn

Hlutverk: Afþreying

Tegund: Heimild

Staðsetning

Í Sögu Sauðárkróks I (bls. 408) segir: „Auk útreiða á sumrin gátu Sauðkrækingar stýtt sér stundir við skemmtitæki í bænum . Eitt þeirra var Keilubaninn, sem alþýða nefndi svo, en danskir „keglebane“. Óvíst er hverjir komu honum upp, en allir höfðu aðgang að honum. Hann stóð rétt fyrir neðan Knudsensgarða.“

Aðrar upplýsingar

Keilubrautin sést á gömlum ljósmyndum.

Sauðá 1888-120

Hlutverk:

Matjurtagarður

Tegund:

Hleðsla/niðurgröftur

Staðhættir

Leifar tveggja matjurtagarða eru í brekkunni ofan við Skógargötu 16 Hvamm/Halldórshús.

Lýsing

Efri garðurinn er 13x7m að umfangi. Hann er niðurgrafinn í brekkuna og lágir veggir undan girðingu umkringja hann að hluta.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er ekki sýnilegur á korti 1934 en hann er hafður hér með þar sem margir matjurtagarðar eru í hlíðinni ofan við Skógargötu og aldur þeirra er óviss.



Mynd 32. Ljósmynd sem sýnir matjurtagarðana ofan við Hvamm/Halldórshús, Skógargötu 12/14 sem er baka til fyrir miðri mynd. Efri garðurinn er afgirtur en neðri garðurinn einungis lágt garðlag. Myndin er tekin í vestur. Ljós. HSK.

Sauðá 1888-121

Hlutverk:

Matjurtagarður

Tegund:

Hleðsla/niðurgröftur

Staðhættir

Leifar tveggja matjurtagarða eru í brekkunni ofan við Skógargötu 16 Hvamm/Halldórshús. Neðri garðurinn liggur fimm metrum neðar í brekkunni.

Lýsing

Neðri garðurinn er 13x7m að umfangi. Hann er niðurgrafinn í brekkuna og lágir veggir undan girðingu umkringja hann að hluta.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er ekki sýnilegur á korti 1934 en hann er hafður hér með þar sem margir matjurtagarðar eru í hlíðinni ofan við Skógargötu og aldur þeirra er óviss.



Mynd 33. Á þessari mynd frá um 1930 má sjá fjölda skúra, hjalla og annarra smærri mannvirkja sem oft áttu sér stuttan líftíma og finnast ekki tekin með í virðingum húsa eða sýnd á kortum.

Aðrir minjaflokkar


Fjöldi viðbygginga og annarra mannvirkja eru greinanleg á ljósmyndum og kortum en of mikið mál væri að telja upp alla kofa eða önnur skammtíma mannvirki sem þar er að finna.

Kamrar


Kamrar voru við hvert íbúðarhús, verslunarhús og aðra vinnustaði. Þeir sjást á hinum ýmsu kortum af bænum. Oftast voru þeir áfastir húsunum og líkt og skúrbyggingar og önnur mannvirki áföst húsum voru þeir ekki skráðir sérstaklega. Ólíkt skúrbyggingum er kamra sjaldan getið í virðingum enda ólíklegt að tilvist þeirra hafi aukið virði bygginga. Á mynd 34 má sjá staðsetningu kamra á korti Jóns Víðis frá 1935 og eru auðkenndir með bleikum lit.

Matjurtagarðar/skrúðgarðar/garðlög

Garðar lágu umhverfis mörg húsanna sem skráð voru og einnig má sjá garðskákir hingað og þangað



Mynd 34. Yfirlitskort sem sýnir kamra við hús á korti frá 1934.



Mynd 35. Yfirlitsmynd sem sýnir legu skrúð- og matjurtagarða og annarra afgirtra svæða og óskilgreindra garðlaga eins og þau eru sýnd á bæjarkortum frá 1917, 1920 og 1934.

í bæjarlandinu. Í lista yfir matjurtagarða á Sauðárkróki frá 1918 eru taldir upp 37 mis-stórir garðar. Er þar um að ræða garða umhverfis hús, í einhverjum tilfellum matjurtagarða en einnig kunna sumar þessara spilda hafa verið slegnar. Samkvæmt Kristmundi Bjarnasyni hófst matjurtarækt á Sauðárkróki hins vegar ekki fyrr en laust fyrir 1880 og segir hann ræktunina hafa farið rólega af stað og „ekki fyrr en árið 1909, að alþýða á Sauðárkróki fer að leggja nokkra stund á hana. Þá eru tuttugu manns með matjurtagarða, uppskeran 78 tonnur samtals. Árið 1912 er uppskeran yfir 90 tonnur, árin 1919 og 1920 rúmlega 130 tonnur hvort ár“. (KB 1973: 98-101) Frá og með árinu 1932 verða stórfelldar framfarir í kartöfluræktinni, garðland stækkað verulega og ræktendum fjölgaði í kjölfarið, árið 1935 eru þeir 38, 1939 eru þeir 60 og uppskeran 733 tonnur. (Sbr. KB 1973: 98-101).

Í skránni hér að ofan er einungis að finna sérstaka skráningu fyrir matjurtagarða sem enn finnast ummerki um og Knudsensgarð svokallaðan. Aftast í skýrslu má annarsvegar sjá legu garða á yfirlitsteikningu sem gerð var eftir korti frá 1920 og hinsvegar loftmynd sem sýnir legu garða á mismunandi tímum. Kortin sýna hinsvegar ekki úr hvaða byggingarefni garðarnir voru eða hvernar tegundar. Leifar matjurtagarða voru mældar upp á sjö stöðum.

Samantekt – varðveislumat

Skráningin náði yfir fornleifar sem, samkvæmt laganna hljóðan, teljast minjar sem eru 100 ára eða eldri. Þetta 100 ára ákvæði laganna þýðir hinsvegar að hvert ár bætist við fjöldi minja sem teljast fornleifar, sem gerir það t.d. erfðara að meta varðveislugildi fornleifa eða minjaheilda í þéttbýli. Því voru einnig teknar með minjar sem sjást á bæjaruppdraetti frá 1934 en sem eru horfnar nú. Uppistandandi hús og húshlutar falla undir húsaskráningarhluta verkefnisins og voru því ekki tekin með.

Tafla 1. Fjöldi fornleifa á verndarsvæðinu og hlutfall horfinna minja.

Jörð	Fjöldi fornleifa	Horfnar	Horfnar %
Sauðá	121	107	89
Alls	121	107	89

Skráðar minjar voru alls 121 innan marka verndarsvæðisins. Þar af voru 107 minjar horfnar eða 89%.

Minjar í þéttbýlinu

Elstu minjar á Sauðárkróki má finna í námunda gamla bæjarstæðis Sauðárbæjar sem liggur milli Hásætis, efstu götu í Túnahverfinu og Sæmundarhlíðar. Jarðsokknar leifar mannvirkis, líklega nausts, er að finna í sléttu graslendi við Fornós og fornar minjar eru á og umhverfis golfvöllinn á Hlíðarenda og á Hálsum. Matjurtagarða, veggjabrot, útihús og ýmsar aðrar leifar smábúskapar kreppuáranna er að finna á Nöfunum og víðar í kaupstaðarlandinu. Einnig má finna nokkrar leifar um veru hersins frá stríðsárunum, byrgi, byssustæði og fleira. Þó svo að minjar stríðs- og kreppuáranna séu ekki enn verndaðar skv. lögum eru þær mikilvægar heimildir um sögu hernámsáranna, breytta búshætti og bjargræði fólks á mótunarárum byggðar við Sauðárkrók.

Minjar innan verndarsvæðisins

Í þeim hluta þéttbýlisins sem í þessum áfanga er afmarkaður sem verndarsvæði í byggð eru engar þekktar minjar frá elstu tíð. Sá hluti bæjarins var á mjóum malarkambi milli fjöruborðs og brattr mela. Hafi mannvirki verið þar til forna hafa þau að líkindum tengst sjósókn og fiskvinnslu. Slíkar minjar væru hinsvegar allar horfnar vegna þéttbýlismyndunar, hafnarframkvæmda, ágangs sjávar og landfyllinga sem hafa gjörbreytt ásjón strandlínunnar.

Minjar sem skráðar voru á verndarsvæðinu eru allar frá uppbyggingartíma kaupsins frá seinni hluta 19. aldar fram á fyrri hluta þeirrar 20. Margar byggingar höfðu fleira en eitt hlutverk og breyttust þau hlutverk gjarnan í árunna rás. Sjá má yfirlit yfir helstu minjaflokka í töflu 2. Stærsti einstaki minjaflokkurinn eru híbýli manna en peningshús og útihús af ýmsum toga voru einnig mörg. Byggingarefni sem getið er í húsavirðingum voru margvísleg en 23 hús eru sögð að hluta eða fullu torf og/eða grjóthlaðin. Fjögur íbúðarhús innan svæðisins, Árna verts hús [1888-22], Skórabær [1888-23], Hreppskofinn [1888-24] og Jósefsbær [1888-25] eru kallaðir torfbærir í heimildum. Töluverð útgerð var á Sauðárkróki og fyrstu byggingar í plássinu voru sjóbúðir og önnur mannvirki tengd sjósókn og fiskverkun. Einungis tvær sjóbúðir stóðu á svæðinu sem skoðað var [1888-1 og 2]

Tafla 2. Tafla 3. Tafla 4. Taflan sýnir fjölda og hlutverk allra minja sem skráðar voru. Heildarfjöldi minja var 120 en margar minjar höfðu fleira en eitt hlutverk og geta því verið talin upp oftari en einu sinni.

Hlutverk	Fjöldi	% af heildarfjölda
Híbýli	32	27
Útihús/peningshús/hlöður	29	24
Skúr/kofi/hjallur	18	15
Verslunarminjar	13	11
Iðnaðarminjar	11	9
Matjurtagarðar/ræktun	7	6
Sjóminjar	6	5
Stríðsminjar	4	3
Vatnsból	4	3
Vegir/brýr/ræsi	3	3
Annað/hlutverk óþekkt	11	9


en flestar þeirra voru utar á Eyrinni eða utan svæðis. Margar minjar tengdust verslun og umsýslu með vörur og ýmiskonar iðnaði sem fylgdi þéttbýlinu.

Minjar innan svæðis

Af minjunum 121, voru 15 minjar þegar horfnar á bæjaruppdrættinum frá 1934. Þrjú húsanna í skránni hafa verið flutt og standa nú annarsstaðar og 13 minjar fundust við vettvangsskráningu. Alls hafa því 90 minjar horfið á tímabilinu frá 1934 til dagsins í dag.

Af þeim 13 minjum sem fundust innan svæðis, var um helmingurinn matjurtagarðar [1888-113, 115, 116, 117, 118, 120 og 121]. Matjurtagaræktun hófst snemma á Sauðárkróki en ekki er hægt að fullyrða um aldur margra garðanna þar sem að eldri og yngri garðar eru svipaðir að gerð og lögun og eru sumir enn í notkun. Hægt er að fullyrða um háan aldur eins matjurtagarðs [1888-113] sem enn sjást ummerki um ofan efstu íbúðarhúsa í Kirkjuklauf. Garðurinn sést á einu elsta kortinu af Sauðárkróki frá 1917. Hluti svokallaðrar Vetrarbrautar [1888-8] er enn í notkun en ekki er hægt að segja að útlit götunnar sé að neinu leyti upprunalegt. Innan bæjar lá brautin um þar sem nú eru Skagfirðingabraut og Freyjugata. Kirkjugarðsstígurinn [1888-6] er enn í fullri notkun en hefur verið að nokkru endurbættur. Nokkrar minjar eru á svæðinu vestan og ofan við Hótel Tindastól og Lindargötu. Fast vestan við garð

íbúðarhússins á Lindargötu 5b er óglögg tóft sem gæti verið hluti byggingar sem var áföst fjósi og hlöðu [1888-11]. Ofan hennar, uppi í brekku eru tóftaleifar íshúss [1888-16] þar sem geymdur var ís til kælingar matvæla og beitu. Ofan íbúðarhúss að Lindargötu 11 eru leifar Ytrilindar [1888-3] annars aðal vatnsbóla bæjarins. Þarna má enn sjá leifar lækjar eða ræsis og grjóthleðlu undir steinsteyptum vatnstanki. Ofan og milli húsanna á Skógargötu 8 og 10b eru grunnur [1888-82] undan lítilli byggingu og er hlaðið veggjabrot upp og niður frá honum. Hlutverk þessa húss er óþekkt en þarna standa nú vegleg grenitré og grunnurinn því að mestu horfinn.



Mynd 36. Kökurit sem sýnir ástand minjanna sem skráðar voru.

Tafla 5. Tafla yfir minjar sem enn eru til staðar. Alls fundust 13 minjar við vettvangsskráningu.

Hlutverk	Eldri en 100 ára	Fjöldi	% af heildarfjölda
Matjurtagarður	2	7	54
Gata/leið	2	2	15
Vatnsból	1	1	8
Fjós, hlaða		1	8
Íshús		1	8
Óþekkt, húsgrunnur		1	8

Varðveislumat

Einungis fjórar minjanna [1881-3, 6, 8 og 113] sem enn eru til staðar teljast fornleifar samkvæmt laganna bókstaf og þar með friðaðar. Það eru Vetrarbrautin [1888-8], Kirkjugarðsstígur [1888-6], Ytrilindarræsið [1888-3] og matjurtagarður í Kirkjuklauf [1888-113]. Vetrarbrautin sést þó ekki lengur innan svæðisins sem afmarkað er sem verndarsvæði í byggð. Allar minjarnar 13 sem skráðar voru eru áhugaverðar heimildir um búskap, iðnað og landnýtingu innan bæjarlandsins á mótunartíma kaupsins. Þær hafa því þýðingu fyrir sögu kaupsins þó svo að minjagildi einstakra minja kunni ekki að vera hátt. Fæstar eru þær þó óraskaðar, t.a.m. vegna trjáræktar og seinni tíma endurbóta. Heillegustu minjarnar eru leifar íshúss [1888-16] og áður nefnds matjurtagarðs í Kristjánslauf [1888-115]. Þar sem minjarnar eru í þéttbýli teljast þær allar í hættu þó svo engar framkvæmdir hafi verið fyrirsjáanlegar þegar skráningin fór fram. Sökum landbreytinga, gróðurs og þess hversu jarðgrunnt er á svæðinu má telja ólíklegt að miklar minjar, eða fornar, leynist í jörðu. Helst er að vænta leifa eldri bygginga og veggjabrota í húsgrunnum og gördum eða matjurtagarða í brekkum ofan byggðarinnar. Samkvæmt Ingólfi Sveinssyni gætu hlutar lestarteina einnig leynst neðanjarðar og vænta má að leifar ræsa, vatnsbóla og vatnsleiðslunnar frá 1912 kunni einnig að fyrirfinnast. Varðveislugildi fornleifa innan svæðisins telst því fremur lágt.

Niðurlag

Í skýrslunni eru einungis taldar upp minjar innan afmörkunar þessa áfanga verkefnisins Verndarsvæðis í byggð. Því er hér ekki um að ræða heildarúttekt minja innan marka gamla bæjarins.

Þó svo að ólíklegt sé að fáar minjar sé að finna á svæðinu kunna þó alltaf að leynast minjar neðanjarðar þótt þær sjáist ekki á yfirborði. Það er því mikilvægt að fara að öllu með gát þegar ráðist er í framkvæmdir sem kunna að raska fornleifum. Slíkar framkvæmdir ber að tilkynna Minjastofnun Íslands sem veitir ráðgjöf og sér, ef þurfa þykir, um eftirlit með framkvæmdunum. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar og tilkynna fundinn til Minjastofnunar.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín (1930). *Jarðabók, 9 bindi. Skagafjarðarsýsla*. Hið íslenska fræðafélag: Kaupmannahöfn.

Árni Ragnarsson (2001). *Bæjar- og húsakönnun, 2001 fyrir gamla bæinn á Sauðárkróki*. Sauðárkróksbær: Sauðárkrókur.

(BS) Byggðasaga Skagfirðinga, I. bindi, Skefilsstaðahreppur – Skarðshreppur. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sögufélag Skagfirðinga: Sauðárkrókur 1999.

(FM) Franch Michelsen (2001). Danski úrsmiðurinn sem varð Skagfirðingur. Sagt frá Jörgen Frank Michelsen, úrsmið á Sauðárkróki. *Skagfirðingabók* ,27. Sögufélag Skagfirðinga: Reykjavík.

Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir.. *Sauðá í Borgarsveit. Fornleifaskráning vegna aðal-skipulags*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2005/42. Byggðasafn Skagfirðinga: Sauðárkrókur.

Íslenskt fornbréfasafn, 13. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn 1933-39.

Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958. Sögufélag Skagfirðinga: Reykjavík.

(KB) Kristmundur Bjarnason (1969). *Saga Sauðárkróks, fyrsti hluti. Skagfirzk fræði*. Sauðárkrókskaupstaður: Sauðárkrókur.

(KB) Kristmundur Bjarnason (1973). *Saga Sauðárkróks, síðari hluti, 2. Skagfirzk fræði*. Sauðárkrókskaupstaður: Sauðárkrókur.

(SB) Sigurjón Björnsson (1982). Áin sem hvarf, 156-158. *Skagfirðingabók*, 11. Sögufélag Skagfirðinga: Reykjavík.

Sturlunga Saga, III bindi. Íslendingasagna útgáfan og Haukadalsútgáfan: Reykjavík 1948.

Óbirt gögn

Gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks 1917-1947, 31.desember 1918.

Gjörðabók byggingarnefndar Sauðárkróks 1917-1947, 1925.

Minnisblað Sigurðar Bergsteinssonar, fornleifafræðings vegna fornleifakönnunar á fornum kirkjugarði á Sauðá. Greinargerð frá 17. apríl 2000.

Virðingabók Brunabótafélags Íslands fyrir Sauðárkrók 1916-1917.

Virðingabók Brunabótafélags Íslands fyrir Sauðárkrók 1925.

Netsíður

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

<http://www.glaumbaer.is/is/gagnabanki>

http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi_greinargerd_leidbeiningar_utgafa_1_03032017.pdf

<http://www.manntal.is>

Kort

Handelpladsen Saudarkrok (vantar ártal og höfund),

Sauðárkrókur 1917. S. Sigurðsson

Sauðárkrókur 1920, mkv. 1:5000. Mælingadeild danska herforingjaráðsins, mælt 1920.

Skisse over Sauðárkrókur 1928, mkv. 1:500. Vantar höfund, en teiknað á grunn S. Sigurðssonar.

Sauðárkrókur 1934, mkv. 1:2000. Jón Víðis.

Jarðabók Reynistaðaklausturs 1728.

Jarðabók 1849. Óprentað handriti í HSk

Heimildamaður

Ingólfur Jón Sveinsson, Lágmúla á Skaga. Munnlegar upplýsingar og leiðsögn október 2001 og í tengslum við vinnslu Víb 2017 og 2018.

Fylgiskjöl

Fornleifar


- SKÝRINGAR
- Afmörkun verndarsvæðis
- Fornleifar
- Punktur
 - 33 Númer
 - Uppmælt

Grunnkort:
Handelspladsen Sauðárkrúkur um 1915, hof. óþekktur
Sauðárkrúkur 1917, S. Sigurðsson
Sauðárkrúkur 1920, Mælingadeild danska herforingjaraðsins
Sauðárkrúkur 1934, Jón J. Víðis
Myndkort: Loftmyndir ehf, 2015




1920

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ - GAMLI BÆRINN Á SAUÐÁRKRÓKI, NORÐURHLUTI



1934

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ - GAMLI BÆRINN Á SAUÐÁRKRÓKI, NORÐURHLUTI



Verndarsvæði í byggð - Sauðárkrókur - hnitalisti

Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	A	N
1888-1	Sauðárbúð	heimild	sjóbúð	1850-1873	horfið		470138	584141
1888-2		heimild	sjóbúð	1878-1918	horfið		470204	583817
1888-3	Ytrilind/Ytrilindarræsi	niðurgroftur	brunnur	1897-2018	vel greinanleg	hætta	470078	584055
1888-4		heimild	dráttarspil	1917-1950	horfið		470105	583799
1888-5	Hestur	heimild	híbýli	1928-1934	horfið		470088	584165
1888-6	Kirkjugarðsstígur	samgöngubót	gata	1903-2018	vel greinanleg	lítil hætta	470101	583669
1888-7		stríðsminjar	híbýli	1942-1945	horfið		470078	583964
1888-8	Vetrarbraut	samgöngubót	gata	1800-2018	horfið		470237	583758
1888-9		heimild	Skotgröf	1942-1945	horfið		470064	584094
1888-10	Syðrilind/Syðrilindarræsi	heimild	brunnur	1900-?	horfið		470108	583805
1888-11		hleðsla	fjós hlaða	1900-1998	horfið		470076	583989
1888-12		heimild	byrgi, byssustæði	1942?-1945	horfið		470081	583953
1888-13		heimild	byrgi, byssustæði	1942?-1945	horfið		470092	583988
1888-14	Knudsensgarður	heimild	skrúðgarður	1800-1950	horfið		470232	583836
1888-15		heimild	brú	1900-?	horfið		470274	583788
1888-16		tóft	íshús	1920-1940	vel greinanleg	hætta	470063	583995
1888-17		heimild	fjárhús, fjós, hlaða	1929-?	horfið		470132	583755
1888-18	Kristjánsfjós	heimild	fjós	1930-?	horfið		470076	583904
1888-19	Bakarafjosið	heimild	fjós	1890-?	horfið		470103	584168
1888-20	Vídalínspóstur	heimild	brunnur	1900-?	horfið		470171	583903
1888-21	Blöndalsfjosið	heimild	fjós	1917-1934	horfið		470099	584091
1888-22	Vertshús/Árna vertshús	heimild	híbýli	1871-1920	horfið		470089	584006
1888-23	Skórabær	heimild	híbýli	1876-?	horfið		470213	584006
1888-24	Kofinn/Hreppskofinn	heimild	híbýli	1890-1905	horfið		470084	583981
1888-25	Jósefsbær/Schramsbær/Ósland	heimild	híbýli	1892-1917	horfið		470270	583739
1888-26	Stefánsbær	heimild	híbýli	1904-1955	horfið		470120	583725
1888-27		heimild	pakkhús, hesthús	1900-120	horfið		470121	584214
1888-28		heimild	verslun, híbýli	1877-1912	horfið		470118	584193
1888-29	Bakarí	heimild	híbýli, bakarí	1890, fært 1960	Stendur enn		470110	584163
1888-30	Sláturhús Gránufélagsins	heimild	sláturhús, pakkhús	1900-1934	horfið		470122	584156
1888-31		heimild	peningshús	1900-1934	horfið		470087	584137
1888-32	Coghillsfélagið-vörugeymsla	heimild	vörugeymsla	1885-1934	horfið		470124	584131
1888-33	Poppsverslun-þverhús	heimild	verslun, vörugeymsla	1878-1949	horfið		470122	584120
1888-34	C.Höepfners heyhlaða	heimild	Hlaða	1916-1934	horfið		470097	584120
1888-35	C.Höepfners peningshús	heimild	peningshús	1916-1934	horfið		470095	584107
1888-36	Popphús	heimild	híbýli	1873-1902	horfið		470123	584106
1888-37	Sláturhús Popp	heimild	sláturhús, vörugeymsla	1911-1934	horfið		470139	584068

Verndarsvæði í byggð - Sauðárkrókur - hnitalisti

Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	A	N
1888-38	Ásgrimsenshús	heimild	geymsla, verslun	1873-1934	horfið		470148	584065
1888-39		heimild	peningshús	1916-1934	horfið		470082	584039
1888-40		heimild	geymsluskúr	1916-1934	horfið		470111	584044
1888-41	Péturshöndlun	heimild	verslun, híbýli, vörugeymsla	1885-1899	horfið		470121	584038
1888-42		heimild	vörugeymsla	1915-1928	horfið		470142	584044
1888-43		heimild	óþekkt	1915-1920	horfið			
1888-44		heimild	peningshús	1917-1928	horfið		470090	584007
1888-45	Schramsmiðjan/Smiðjan/Hjaltastaður/Bess	heimild	smiðja, híbýli	1880-1928	horfið		470093	584016
1888-46	Einarshús (síðar Árbær)	heimild	híbýli	1884, fært 1934	Stendur enn		470127	584017
1888-47	Egilsenshús	heimild	híbýli	1895-1934	horfið		470144	584026
1888-48	Magnússbúð (Búðin, síðar Ártún)	heimild	híbýli	1890, fært 1919	Stendur enn		470147	584011
1888-49	Sláturhús Sláturfélagsins	heimild	sláturhús	1919-1934	horfið		470155	584010
1888-50	Sláturhús Kaupfélagsins/Sláturfélagsins	heimild	sláturhús	1908-1934	horfið		470156	584004
1888-51		heimild	peningshús		horfið		470066	583979
1888-52	Miðhús	heimild	híbýli	1888-1930	horfið		470088	583988
1888-53		heimild	hjallur	1915-1934	horfið		470081	583977
1888-54		heimild	óþekkt	1915-1934	horfið			
1888-55		heimild	fjós	1917-1934	horfið		470130	583998
1888-56		heimild	fjárrétt	1927-1934	horfið		470160	583980
1888-57		heimild	fjárrétt	1917-1934	horfið		470171	583973
1888-58		heimild	fjárrétt	1917-1934	horfið		470170	583964
1888-59		heimild	saltkompa	1917-1934	horfið		470176	583954
1888-60		heimild	óþekkt	1928-1934	horfið		470191	583968
1888-61	Bræðrabúð	heimild	híbýli, verslun	1915-1940	horfið		470157	583952
1888-62		heimild	verkstæði	1930-1998	horfið		470075	584015
1888-63		heimild	óþekkt, kofi		horfið		470072	583922
1888-64	Pakkhús KG	heimild	pakkhús	1917-1934	horfið		470104	583934
1888-65	Kristjáns borgara hús	heimild	híbýli, verslun	1892-1985	horfið		470121	583941
1888-66		heimild	brautarteinar	1917-1950	horfið		470180	583990
1888-67		heimild	óþekkt	1928-1934	horfið		470130	583900
1888-68		heimild	fjós, skúr	1917-1934	horfið		470192	583929
1888-69	Blöndalshús	heimild	híbýli	1886, flutt 1992	hrunið		470172	583913
1888-70		heimild	skúr	1917-1934	horfið		470196	583904
1888-71	Blöndalsskúr	heimild	skúr	1917-1934	horfið		470211	583907
1888-72		heimild	skúr	1916-1934	horfið		470190	583900
1888-73	Garðarsskúrar	heimild	skúr, híbýli	1925-66	horfið		470221	583901
1888-74		heimild	óþekkt	1917-1934	horfið			

Verndarsvæði í byggð - Sauðárkrókur - hnitalisti

Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	A	N
1888-75		heimild	fjárhús	1916-1934	horfið		470074	583891
1888-76		heimild	fjárhús	1916-1934	horfið		470076	583884
1888-77	<i>Smiðja Sölva Jónssonar</i>	heimild	smiðja	1916-1934	horfið		470085	583894
1888-78	<i>Salurinn</i>	heimild	híbýli	1900-1934	horfið		470094	583890
1888-79	<i>Guðfinnuhús (Sölvahús)</i>	heimild	híbýli	1896-1927	horfið		470086	583873
1888-80	<i>Sigurðarhús (Bær)</i>	heimild	híbýli	1898-1934	horfið		470093	583854
1888-81		heimild	peningshús	1916-1934	horfið		470079	583854
1888-82		hleðsla	húsgrunnur	1915-1934	horfið			
1888-83	<i>Þorkelshús (Þorkelshóll)</i>	heimild	híbýli	1896-1934	horfið		470100	583839
1888-84		heimild	fjárhús, hlaða	1917-1934	horfið		470101	583828
1888-85		heimild	geymsla	1930-1966	horfið		470143	583829
1888-86	<i>Salurinn</i>	heimild	veitingastofa, verslun	1900-1959	horfið		470164	583827
1888-87		heimild	skúr	1916-1934	horfið		470203	583837
1888-88	<i>Sæbyrgi</i>	heimild	híbýli	1901-1921	horfið		470229	583851
1888-89		heimild	fjárhús	1934-1956	horfið		470247	583853
1888-90	<i>Jónsskúr (Sæströnd)</i>	heimild	skúr	1899-1934	horfið		470243	583831
1888-91		heimild	fjárhús, smiðja	1916-1934	horfið		470103	583780
1888-92		heimild	híbýli	1917-1934	horfið		470108	583794
1888-93	<i>Vigfúsarhlaða (Hlaðan)</i>	heimild	hlaða, híbýli	1900-1934	horfið		470117	583800
1888-94		heimild	skúr	1934	horfið		470155	583799
1888-95	<i>Hús Guðmundar smiðs</i>	heimild	híbýli	1898-1899	horfið		470167	583787
1888-96	<i>Íshúsið (Klakaþeymslan)</i>	heimild	íshús	1900-1917	horfið		470165	583795
1888-97	<i>Þjörk</i>	heimild	híbýli	1917-2009	horfið		470165	583795
1888-98		heimild	Skúr	1917-1934	horfið			
1888-99	<i>Grænahús (Félagshús)</i>	heimild	híbýli	1890-	horfið		470219	583804
1888-100	<i>Skorrastaður</i>	heimild	híbýli	1925-1934	horfið		470241	583799
1888-101		heimild	kofi	1915-1934	horfið		470106	583761
1888-102		heimild	kofi	1915-1934	horfið		470098	583749
1888-103		heimild	fjárhús	1916-1934	horfið		470103	583752
1888-104		heimild	hjallur, líkhús, hænsnakofi	1916-1934	horfið		470160	583773
1888-105		heimild	fjárhús, fjós	1916-1934	horfið		470120	583737
1888-106		heimild	fjós, haughús	1931-1934	horfið		470137	583743
1888-107		heimild	fjós, hlaða	1930-1934	horfið		470143	583723
1888-108		heimild	peningshús	1920-1928	horfið			
1888-109		heimild	fisktökuhús	1934-1934	horfið			
1888-110	<i>Ártún</i>	heimild	híbýli	1920-1934	horfið		470271	583768
1888-111		heimild	skúr	1934-1934	horfið		470306	583775

Verndarsvæði í byggð - Sauðárkrókur - hnitalisti

Nr	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur	Ástand	Hættumat	A	N
1888-112	Gamla-bryggja	heimild	bryggja	1916-1934	horfið		470221	584009
1888-113		hleðsla	matjurtagarður	1800-1950	vel greinanleg	hætta	470081	583687
1888-114		heimild	vatnsveita	1912-1970	óþekkt			
1888-115		hleðsla	matjurtagarður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	469985	583912
1888-116		hleðsla	matjurtagarður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	470070	584053
1888-117		hleðsla	matjurtagarður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	470073	584066
1888-118		hleðsla	matjurtagarður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	470056	583971
1888-119	Keilubaninn	heimild	afþreying	1890-1910	horfið			
1888-120		hleðsla	matjurtagarður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	470091	583757
1888-121		hleðsla	matjurtagarður	1900-1950	vel greinanleg	hætta	470097	583760